

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska og almenn bókmenntafræði

Hlutverkaleikur og valdatafl

Samspil kyngervis og valds í Sigurðar sögu þøgla

Ritgerð til BA prófs í íslensku og almennri bókmenntafræði

Helga Jónsdóttir

Kt.: 151088-2369

Leiðbeinandi: Sif Ríkharðsdóttir

September 2015

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku og almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Í henni er fjallað um meykóngasöguna *Sigurðar sögu þøgla*. Sjónum er beint að því hvernig kyn, kyngervi og kynverund (e. *sexuality*) birtist í verkinu og hvernig þær birtingarmyndir endurspeglar stöðu kynjanna á Íslandi í samtíma sögunnar.

Í fyrsta kafla er farið stuttlega í viðtökusögu frumsaminna riddarasagna. Þrátt fyrir að njóta mikilla vinsælda meðal alþýðunnar, langt fram eftir öldum, fengu þær litla athygli fræðimanna allt til loka tuttugustu aldar. Færð eru rök fyrir því að vinsælar bókmenntir, þar með talin *Sigurðar saga þøgla*, gefi góða innsýn inn í samfélag og hugmyndafræði ritunartímans. Í öðrum kafla er verkið sjálft kynnt en í þeim þriðja er greint frá kenningum fræðimanna um hugmyndir miðaldarmanna um kyn, kyngervi og kynverund til að setja söguna í hugmyndafræðilegt samhengi. Verkið er þar á eftir greint með hliðsjón af þeim fræðikenningum sem kynntar hafa verið. Áherslan er á kyngervi aðalpersónanna tveggja, Sigurðar og Sudentiönu, og ætlunin er að sýna fram á hvernig persónusköpun þeirra endurspeglar hvernig hugsað var um kyn og kyngervi í samtíð sögunnar. Jafnframt er leitast við að sýna fram á samspil valds og kyngervis í verkinu og út frá því eru dregnar ályktanir um stöðu kynjanna í því samfélagi sem sagan sprettur úr. Þá eru niðurstöður að lokum teknar saman í sjötta kafla.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
1. Inngangur	3
2. Meykóngasagan og <i>Sigurðar saga þøgla</i>	7
3. Hugmyndir um kyn, kyngervi og kynverund á miðöldum	10
3.1. Ruth Mazo Karras: kynverund og staða kynjanna	10
3.2. Tomas Laqueur: Einn líkami á miðöldum	13
3.3. Carol J. Clover: Kyngervi og norrænt samhengi	15
4. Kyngervi í <i>Sigurðar sögu þøgla</i>	19
4.1. Þroskasaga Sigurðar þøgla	19
4.2. Óhefðbundið hlutverk meykónsins	26
5. Ofbeldi og valdatafl í <i>Sigurðar sögu þøgla</i>	33
5.1. Ofbeldi af hendi meykónsins.....	34
5.2. Refsing meykónsins	41
6. Samantekt	53
Heimildaskrá	58

1. Inngangur

Á 13. öld var mikil gróska í þýðingum á evrópskum riddarasögum yfir á norrænt mál sem hafði mikil áhrif á íslenska bókmenntahefð.¹ Þýddu riddarasögurnar urðu íslenskum höfundum mikill innblástur en til vitnis um það eru um þrjátíu frumsamdar riddarasögur, eða rómönsur,² sem varðveist hafa frá lokum 13. aldar til siðaskipta. Ritun frumsaminnna riddarasagna hélt áfram fram eftir öldum og eru vel yfir hundrað verk varðveitt sem samin voru eftir siðaskipti.³ Margar sagnanna eru varðveittar í fjölda handrita sem bendir til þess að bókmenntagreinin hafi notið vinsælda. Þá eru mörg af handritum miðaldasagnanna rituð á seinni öldum svo þær virðast hafa haldið vinsældum sínum lengi vel. Matthew James Driscoll bendir á að í samanburði við handritageymd annarra bókmenntagreina má ætla að riddarasögur hafi verið vinsælasta lesefni Íslendinga frá því á 13. öld og allt til loka 19. aldar.⁴

Vinsældir riddarasagnanna endurspeglar þó ekki viðtökur 19. aldar fræðimanna í íslenskri bókmenntasögu, líkt og Driscoll fjallar um í greininni „Þögnin mikla: Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum“.⁵ Hann bendir á að umfjöllun um þýddar riddarasögur hafi að mestu leyti snúist um hversu skaðleg áhrif þær hefðu á hina íslensku miðaldabókmenntahefð. Menn álitu frumsömdu riddarasögurnar, eða „lygisögur“ eins og þær voru gjarnan kallaðar, hafa valdið mikilli hnignun í bókmenntahefð Íslendinga. Sumir fræðimenn hafa jafnvel ekki talið frumsamdar riddarasögur til íslenskra bókmennta og í yfirlitsritum um íslenska bókmenntasögu allt fram til 1990 er lítil sem engin umfjöllun um riddarasögur. Til marks um það nefnir Driscoll m.a. verk Fredrik Paasche, *Norges og Islands litteratur indtil utgangen av middelalderen*,⁶ þar sem ekki er minnst á frumsömdu riddarasögurnar. Þá fengu sögurnar afar litla umfjöllun í verkum íslenskra bókmenntafræðinga en í bók Sigurðar Nordals, *Litteraturhistorie*,⁷ er þeim gerð skil í

¹ Torfi H. Tulinius 1993: 199

² Til íslenskra rómansa teljast jafnframt fornaldarsögur norðurlanda sem eiga margt sameiginlegt með frumsömdum riddarasögum, sbr. Torfi H. Tulinius: 218–244

³ Driscoll 1990: 160

⁴ Driscoll 1990: 157

⁵ Driscoll 1990

⁶ Paasche 1924

⁷ Sigurður Nordal 1953: 268–269

nokkrum línunum, og í 1700 síðna yfirlitsriti Finns Jónssonar um norræna bókmenntasögu spanna frumsömdu riddarasögurnar aðeins 20 blaðsíður.⁸

Litið var á Íslendingasögurnar sem hápunkt íslenskra miðaldabókmennta og í samanburði við þær voru riddarasögurnar, afþreyingarmenning hinnar smekklausu alþýðu, svartur blettur á menningarsögu Íslands.⁹ Það viðhorf má til að mynda sjá í samanburði Sigurðar Nordal á viðtökum íslenskra bókmennta fyrir og eftir 1400:

[E]rlendir fræðimenn og Íslendingar, sem dvalið hafa og starfað utan lands, hafa gefið mikinn gaum að tungu vorri og bókmentum fram að 1400, og frægð þeirra er mikil og fer víða, þótt enn eigi þær eftir að nema lönd. En um bókmenntir vorar eftir 1400 hafa aðrar þjóðir lítið hirt, sem vonlegt er. Því að heita má, að tvennt verði nokkurn veginn samtímis: íslenskar bókmenntir verða fátækari að þjóðlegu efni og hrörna að snilli (á 14. og 15. öld).¹⁰

Í seinni tíð hefur viðhorf fræðimanna til riddarasagna þó breyst og rannsóknir á efninu aukist til muna á síðustu áratugum. Riddarasögur fá til að mynda jákvæða og verðskuldaða umfjöllun í *Íslenskri Bókmenntasögu II* og kaflinn um þýddar riddarasögur, sem fyrri fræðimenn álitu spilla íslenskri bókmenntahefð, fær þar titilinn „hefðin auðgast“.¹¹ Hugtakið „lygisögur“ þykir heldur ekki lengur við hæfi þegar fjallað er um frumsamdar riddarasögur.

Orðið „lygisaga“ er þó ansi lýsandi fyrir samanburð sagnanna við Íslendingasögur. Sögusvið Íslendingasagna er að mestu Ísland og lýsing þeirra á íslensku samfélagi er álitin nokkuð raunsæ (þrátt fyrir ýmsa yfirnáttúru sem skýtur þar upp kollinum). Þar með er auðveldara að koma auga á sagnfræðilegt gildi þeirra en „lygisagna“ sem gerast í heimi sem er ólíkur okkar veruleika og virðast kannski, við fyrstu sýn, ekki tengjast íslensku miðaldasamfélagi beint. Munur þessara tveggja bókmenntagreina í efnistöku og stíl gerir það að verkum að sagnfræðilegt gildi þeirra er ólíkt, en riddarasögurnar eru þó ekki síður mikilvægar í þessu samhengi. Sagnfræðingurinn Henric Bagerius heldur því fram að í íslenskum rómönsum megi til dæmis greina gildismat og þankagang sem gefi upplýsingar um samtíma sagnanna.¹² Hann telur að fantasíur (e. *fantasy*), eða óraunsæjar bókmenntir, geti jafnvel veitt dýpri skilning á sögulegu samhengi því þær bjóði upp á meira frelsi en

⁸ Finnur Jónsson 1924: 98–120. Sjá einnig Driscoll 1990: 158–159

⁹ Driscoll 1990: 160–161 og Kalinke 2005: 317

¹⁰ Sigurður Nordal 1924: I

¹¹ Sjá Torfa H. Tulinius 1993: 167–248

¹² Bagerius 2009: 73

raunsæisbókmenntir. Í fantasíunni er þannig mögulegt að fjalla um hluti sem annars væru ósagðir eða ósegjanlegir. Sem vinsæl afþreyingarmenning eru rómönsurnar einnig áhugaverðar. Til að ná til fjöldans þurfa þær væntanlega að fjalla um eitthvað sem lesendum á miðöldum var hugleikið og þar með ætti hugmyndafræðin sem þær birta að varpa ljósi á samfélagið sem þær eru sprotnar úr.

Af frumsömdu riddarasögunum virðast svokallaðar *meykóngasögur* hafa náð hvað mestum vinsældum en þó nokkrar þeirra hafa varðveist í yfir fimmtíu handritum. Þar á meðal er að finna *Sigurðar sögu þogla*, viðfangsefni þessarar ritgerðar, en hún hefur varðveist í sextíu handritum.¹³ Ef marka má vinældir hennar út frá fjölda handrita ætti hún því að gefa góða innsýn inn í samfélagssýn og hugmyndafræði ritunartímans og þar með er hún áhugaverð fyrir þá sem hafa áhuga á hugmyndum Íslendinga á miðöldum.

Að lokum má nefna að Carol J. Clover heldur því fram að óraunsæjar bókmenntir, eða fantasíur, endurspegli gjarnan undirliggjandi togstreitu í samfélaginu:

[F]antasíur sem fjalla um sameiginlegt efni segja okkur ýmislegt um undirliggjandi togstreitu í því samfélagi sem ól þær af sér; og þegar umfjöllunarefnið er konur, sem hinar „gildu“ sögulegu heimildir fjalla aðeins um að litlu leyti, gegna hinar óraunsæju bókmenntir sérstaklega mikilvægu hlutverki.¹⁴

Í því samhengi hefur Clover til að mynda fjallað um skjaldmeyjar í norrænum bókmenntum og rökstutt hvernig frásagnir af þeim geti varpað ljósi á stöðu og möguleika norrænna kvenna á miðöldum.¹⁵ Sem meykóngasaga er *Sigurðar saga þogla* einnig mikilvæg heimild, þar sem hún (auk a.m.k. sjö annarra sagna)¹⁶ hverfist um sameiginlegt efni, þ.e. konur sem fara með konungsvald.

Í eftirfarandi umfjöllun verður einblínt á hvernig kyn, kyngervi og kynverund, eða kynhegðun (e. *sexuality*), birtist í verkinu. Umfjöllun og kenningar fræðimanna um hugmyndir miðaldamanna varðandi þessi hugtök verður höfð til hliðsjónar. Í kafla 3 verður greint frá þeim kenningum og leitast við að fanga það hugmyndasögulega samhengi sem *Sigurðar saga þogla* er sprottin úr. Í köflum 4 og 5 verður verkið svo

¹³ Driscoll 1990: 158–159

¹⁴ Mín þýðing: „On the contrary, a collective fantasy has much to tell us about the underlying tensions of the society that produced it; and when the subject is one such as women, which the “legitimate” sources treat only scantily, the literary fantasy takes on a special importance.“ Clover 1986: 36

¹⁵ Sjá Clover 1986

¹⁶ Sbr. Sif Ríkharðsdóttir 2010: 412

greint og stuðst við þær kenningar sem fjallað er um í kafla 3. Í kafla 4 er áherslan á kyngervi aðalpersónanna, Sigurðar og Sendentiönu. Sjónum verður beint að því hvernig það birtist í verkinu og út frá því verða dregnar ályktanir um hvaða hugmyndir fólk hafði um kyngervi í samtíma sögunnar. Ætlunin er að sýna fram á ákveðin mun milli kyngervis karla og kvenna og sett verður fram sú kenning að persónusköpun í *Sigurðar sögu þogla* bendi til þess að miðaldamenn hafi ekki litið á hin ólíku kyngervi sem náttúruleg eða eðlislæg, heldur menningarleg og þar af leiðandi óstöðug.

Jafnframt verður leitast við að sýna fram á tengsl valds og kyngervis í verkinu og hvernig samspil þess endurspeglar stöðu kynjanna í menningunni sem sagan er sprottin úr. Seditiana tekur upp óhefðbundið hlutverk og í 5. kafla er kannað hvaða afleiðingar það að stíga út fyrir hið hefðbundna kyngervi, og þar með að standast ekki kröfur samfélagsins, hefur í för með sér. Í framhaldi af því verða dregnar ályktanir um hver staða kynjanna gæti hafa verið á Íslandi í samtíma sögunnar en að lokum verða helstu niðurstöður dregnar saman í kafla 6.

2. Meykóngasagan og *Sigurðar saga þögla*

Áður en farið verður í fræðilega umfjöllun um hugmyndaheim miðalda um kyn, kyngervi og kynverund er ekki úr vegi að kynna verkið sjálft. *Sigurðar saga þögla* fylgir ákveðinni frásagnargerð frumsaminnar riddarasagna sem hverfist um svokallaða meykónga. Líkt og áður sagði er því venja að flokka söguna til *meykóngasagna* en meykóngaminnið virðist hafa þróast hér á landi og einskorðast við íslenskar rómönsur.¹⁷ Í stuttu máli fjalla meykóngasögurnar almennt um gullfallegar, vitrar og hæfileikaríkar en jafnframt hrokafullar konur. Meykóngurinn tekur sér hlutverk einvalds og krefst þess jafnan að vera kölluð „konungr“. Meykóngurinn er afar eftirsótt kvonfang en hefur sjálf engan áhuga á að giftast og hafnar því öllum biðlum og niðurlægir þá. Aðalhetjan reynir hvað hún getur til að vinna meykónginn og fá hennar en fær ávallt sömu niðurlægjandi útreið og fyrri biðlar. Að lokum nær hetjan þó að yfirbuga meykónginn og gengur að eiga hana.¹⁸

Á þessu sést að meykóngasögurnar fjalla öðrum þræði um brúðarleit hetjunnar. Það eiga þær sameiginlegt mörgum rómönsum (raunar flestum þeirra íslensku)¹⁹ og falla þar með undir sagnagerð sem á uppruna sinn í Evrópu og ber heitið *bónorðsfararsagnagerð*.²⁰ Sif Ríkharðsdóttir bendir þó á grundvallarmun milli hinnar hefðbundnu bónorðsfararsagnagerðar og meykóngasagna sem felst í hlutverki og stöðu kvenpersóna í sögunum. Í rómönsum almennt eru kvenpersónur sjaldnast í aðalhlutverki og koma oftast fyrir sem þolendur fremur en gerendur. Innan söguheimsins er athyglinni því beint að karlkynshetjunni og þroska hennar og brúðarförin er þá hluti af því ferli.²¹ Sif telur að áherslubreyting verði í meykóngasögunum og að þar sé sjónum heldur beint að meykónginum eða stöðu konunnar:

Ævintýri karlhetjunnar eru ekki lengur í forgrunni, heldur er einblínt á átökin sem eiga sér stað milli karlmanna og kvenna í valdastöðum innan þjóðfélagsins. Áhersla er lögð á stöðu konunnar sem ofjarl biðilsins, bæði hvað varðar vitsmuni og þjóðfélagsstöðu. Hann þarf að sýna fram á að hann sé verðugur hennar með því að færa sönnur á karlmannlega frækni og að staðfesta að hann sé jafningi hennar eða beri af henni hvað varðar kunnáttu og gáfur. Enn fremur hefur brúðurin í

¹⁷ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 107

¹⁸ Sbr. Kalinke 1990: 66

¹⁹ Torfi H. Tulinius 1993: 229–231

²⁰ Sbr. Sif Ríkharðsdóttir 2010: 414

²¹ Torfi H. Tulinius 1993: 228–229

meykóngasögunum lítinn áhuga á að giftast yfirleitt. Brúðirnar í bónorðsfararsögunum hafa hins vegar lítið sem ekkert um örlög sín að segja. Þær eru annaðhvort bitbein ólíkra biðla, biðilsins og föðurins, eða eru óvirkir þátttakendur í bónorðsförinni sjálfri.²²

Sif bendir jafnframt á að breytingin, sem felst í aukinni áherslu á stöðu kvenpersónunnar og samskipti kynjanna, endurspeglir breytt áhugasvið höfunda og lesenda.

Sigurðar saga þögla fylgir hinu hefðbundna meykóngaminni líkt og því var lýst hér að framan og lýsing Sifjar á jafnframt vel við um verkið. Aðaluppistaða sögunnar er valdatafl Sigurðar og Sementiönu og þar af leiðandi eru samskipti þeirra og óvenjuleg staða Sementiönu, sem einvalds, í forgrunni. Í upphafi sögunnar eru Sigurður og Sementiana miklar andstæður. Sigurður þögli er seinþroska og mállaus, líkt og viðurnefni hans bendir til. Sementiana er aftur á móti gáfuð, fögur og valdamikil en einnig dramsöm. Hún er afar eftirsótt en hafnar og niðurlægir alla þá sem dirfast að biðja hennar. Þrátt fyrir það orðspor ákveður bróðir Sigurðar, Hálfván, að leggja í bónorðsför og með honum er þriðji bróðirinn Vilhjálmur. Þeir fá afar slæma útreið í höll Sementiönu sem beitir þá grófu ofbeldi. Eftir það rætist sem betur fer úr Sigurði, hann fer í manndómsför og berst meðal annars við berserki og bjargar konungsdætrum úr haldi trölla. Hin mikla hetja ákveður því að hefna bræðra sinna og fer í ríki Sementiönu. Sigurður nær þó ekki að yfirbuga hana í fyrstu tilraun heldur er hann fangelsaður af Sementiönu. Hann nær að flýja úr þeirri þrú undan en upplifir mikla skömm eftir á. Sigurður gerir aðra tilraun og beitir þá brögðum til að yfirbuga Sementiönu. Hann nýtir töfragripi og dulargervi til þess að lokka hana út í skóg og þar nauðgar hann henni þrjár nætur í röð í líki svínahirðis, dvergs og jötuns með þeim afleiðingum að Sementiana verður ófrísk. Hún ríkir þó áfram í nokkur ár en heldur atburðinum leyndum. Í veislu sem Sementiana heldur fyrir Sigurð átta árum síðar opinberast hins vegar leyndarmálið sem verður til þess að hún missir völdin. Sigurður gengur þá að eiga hana og ríkið og öll völd hennar færast yfir á hann.

Údráttur þessi sýnir að sagan hverfist að miklu leyti um valdabaráttu kynjanna. Sementiana reynir hvað hún getur til þess að halda völdum, t.d. með því að neita öllum biðlum sínum og niðurlægja, en hún fær lítinn frið frá karlmönnum sem girnast hvort tveggja, hana og völd hennar. Að lokum fer svo að hún missir völdin í hendur Sigurðar.

²² Sif Ríkharðsdóttir 2010: 415

Til eru tvær gerðir af *Sigurðar sögu þögla*, styttri og lengri gerð og á þessi úrdráttur við um þá lengri. Elsta handritið sem varðveittir söguna er AM 596 4to en það er talið ritað á seinni hluta fjórtándu aldar. Það hefur að geyma styttri gerðina en hlutar úr handritinu eru glataðir. AM 152 4to er hins vegar elsta handritið þar sem sagan er varðveitt í heild sinni. Það inniheldur lengri gerðina og er talið ritað snemma á sextánda öld.²³ Textarnir eru ólíkir þrátt fyrir að geyma sömu sögu. Nöfn persóna eru ekki alltaf þau sömu²⁴ og einhverjar persónur, til dæmis nokkrir fóstbræðra Sigurðar, koma ekki fyrir í styttri gerðinni. Sagt er frá fleiri bardögum í þeirri lengri og þar kemur fyrir dvergur sem gefur Sigurði töfragripi sem hafa mikil áhrif á framvindu sögunnar í lengri textanum.²⁵ Þar sem lengri gerðin er heillegri verður stuðst við hana í þessari ritgerð en notuð verður útgáfa Agnete Loth sem byggð er á AM 152 fol.²⁶

Áður en farið verður í greiningu á *Sigurðar sögu þögla* verður þó fjallað um hugmyndir miðaldamanna um kyn, kyngervi og kynverund til að setja verkið í hugmyndafræðilegt samhengi.

²³ Driscoll 1992: xiii-xiv

²⁴ Driscoll 1992: lxxxii

²⁵ Driscoll 1992: lxxxix

²⁶ Loth 1963: vii

3. Hugmyndir um kyn, kyngervi og kynverund á miðöldum

Gildi og merking hugtaka er ekki algild heldur síbreytileg og heimsskilningur okkar er alltaf afsprengi ákveðins tíðaranda. Þar af leiðandi er mikilvægt að skoða hið sögulega samhengi þegar bókmenntaverk fortíðar eru rannsökuð.²⁷ Til þess að átta sig á hugmyndum eins og kyngervi og kynverund í *Sigurðar sögu þøgla*, er því nauðsynlegt að reyna að varpa ljósi á skilning manna á þessum hugtökum þegar verkið var samið.

3.1. Ruth Mazo Karras: kynverund og staða kynjanna

Ruth Mazo Karras hefur fjallað um kynverund (e. *sexuality*) og stöðu kynjanna á miðöldum og gefur sú umfjöllun góða innsýn inn í hugmyndafræði manna fyrr á öldum. Hugtakið kynverund felur í sér kynhegðun og reynslu fólks af kynlífi, en á jafnframt við um orðræðuna um líkamann og hvernig við notum hann. Segja má að kynverund sé tilraun til að gefa kynhegðun fólks merkingu²⁸ en dæmi um það er flokkun á fólki eftir kynhegðun. Í nútímanum er flokkun á fólki í samkynhneigða og gagnkynhneigða dæmi um kynverund en á miðöldum var fólk ekki flokkað eftir kynhneigð, líkt og nánar verður útskýrt síðar. Á miðöldum voru þó aðrir flokkar taldir mikilvægir og sem dæmi nefnir Karras skírlífi/óskírlífi.

Flokkun fólks í þá sem stunduðu kynlíf og þá sem kusu skírlífi er lýsing á kynhegðun fólks og flokkunin virðist hafa verið nátengd sjálfsskilningi þess.²⁹ Karras bendir á að í orðræðu guðfræðinnar komi fram sú hugmynd að kynlíf sé syndsamlegt athæfi og að skírlífi hafi því verið talin æðsta köllun mannsins. Í skrifum kirkjunnar manna kemur fram áhugavert stigveldi um kynverund fólks. Á eftir einlífi var hjónaband talið skásti kosturinn en betra þótti ef fólk lifði skírlífi innan þess. Fæstir gagnrýndu kynlíf innan hjónabands harðlega en gerður var greinarmunur á því hvort reynt væri að koma í veg fyrir getnað eður ei. Óskírlífi utan hjónabands þótti hins vegar afar slæm hegðun en þó var tekið tillit til þess hvort fólk reyndi að koma í veg fyrir getnað og þótti öllu skárri ef svo var ekki. Jafnframt var óskírlífi utan hjónabands ekki litið jafn alvarlegum augum ef fólk sem það stundaði hafði í

²⁷ Sbr. Herder 2002: 255–256

²⁸ Karras 2002: 279

²⁹ Karras 2002: 279

hyggju að giftast síðar. Þá sýna kirkjulög (e. *canon law*) að óskilgetin börn urðu skilgetin við giftingu foreldra sinna.³⁰

Utan kirkjunnar var kynlíf ókvæntra aðila ekki litið jafn alvarlegum augum en þó var gerður greinarmunur á því hvort um karlmann eða konu var að ræða. Hugmyndin um kynlíf sem athöfn tveggja aðila sem taka jafnan þátt og gegna sambærilegum hlutverkum er tiltölulega ný en áður fyrr var litið á annan aðila sem geranda (karlinn) og hinn sem þolanda/þiggjanda (konuna). Það er því ekki hægt að líta einungis á kynlíf sem athöfn á miðöldum, heldur er nauðsynlegt að hafa hin ólíku hlutverk í huga. Sem dæmi kallaði kona, sem gerðist sek um hjúskaparbrot, mikla skömm yfir sig og eiginmann sinn en karlmaður, hvort sem hann var giftur eða ógiftur, hlaut enga smán af athæfinu. Í rómönsum öðlast karlmaður jafnvel frægð fyrir nái hinn kokkálaði eiginmaður ekki að hefna sín.³¹

Hugmyndin um tvö ólík hlutverk í kynlífsathöfn á einnig við um kynlíf fólks af sama kyni eða aðallega tveggja karlmanna. Menn urðu ekki sjálfkrafa samkynhneigðir ef þeir stunduðu kynlíf með sama kyni en miklu máli skipti hvaða hlutverki menn gegndu. Ef karlmaður var í gerandahlutverki var ekkert athugavert við gjörðir hans og hann var í rauninni að fremja nákvæmlega sama verknað og í kynlífi með konu. Aftur á móti var litið afar alvarlegum augum ef karlmaður var í þolandahlutverki.³² Kynlíf var þannig skilgreint út frá hlutverki gerandans og ekki gert ráð fyrir að konur gætu gegnt því.³³ Kona gat raunar notað tól og orðið að virkum aðila en slíkt athæfi þótti afar skammarlegt, rétt eins og ef karlmaður skipti um hlutverk og varð að óvirkum aðila. Skömmin fólst sem sagt ekki í því að stunda kynlíf með sama kyni heldur í því að vera í röngu hlutverki.³⁴

Sýn miðaldamanna einkennist þar með af tvöföldu siðgæði. Það á bæði við um kynlíf tveggja karlmanna, þar sem skömmin lenti hjá óvirka aðilanum, en einnig um kynlíf utan hjónabands milli karls og konu sem þótti eingöngu skammarlegt fyrir konuna. Framhjáhald hjá háttsettum karlmönnum þótti ekkert tiltökumál og virðist hafa verið nokkuð hversdagslegur hlutur. Algengt var að þeir ættu hjákonur og í raun var samfélagslega samþykkt að þeir ættu greiðan aðgang að lægra settum konum innan heimilisins. Veruleikinn var sá að hjónabönd voru skipulögð út frá pólitískum

³⁰ Karras 2002: 283

³¹ Karras 2002: 283–284

³² Sjá t.d. umfjöllun Jochens um kynverund í Íslendingasögum, Jochens 1996a: 382–390

³³ Karras 2002: 291

³⁴ Karras 2002: 290

hagsmunum og menn gátu því ekki endilega vænst þess að finna sálufélaga í maka sínum og leituðu því annað. Sama má eflaust segja um háttsettar konur en þær þurftu að fara leynt með sín framhjáhöld vegna hins tvöfalda siðgæðis. Karras bendir á að erfitt sé að greina hvort um kynlíf (þar sem báðir aðilar eru samþykkir athöfninni) eða nauðgun sé að ræða þegar karlmenn af hærri stöðu og lágstéttarkonur eiga í hlut vegna þess hversu mikið vald háttsettur karlmaður hafði yfir lægra settri konu. Hún veltir í kjölfarið fyrir sér hvort samþykki hafi raunverulega skipt máli í augum samfélagsins fyrst litið var á kynlíf sem athöfn sem ákveðinn gerandi framkvæmdi á þolanda.³⁵ Þessi óljósu mörk ollu því að konur voru oft grunaðar um samsekt þegar þeim var nauðgað.³⁶

Þótt litið væri á konur sem óvirkan aðila í kynlífi var ekki þar með sagt að þær hefðu engar þrjár. Í læknisfræðilegum skrifum var kynlífshvöt tengd báðum kynjum og skírlífi talið óheilbrigt sama hvort kynið átti í hlut. Í viðtekinni kenningu um getnað var lögð áhersla á ánægju konunnar í kynlífi. Menn trúðu því að konur legðu til sambærilegt efni og sæði þegar þær fengju fullnægingu sem væri nauðsynlegt til að geta barn. Vissulega má sjá áherslu á ánægju konunnar í kynlífi sem jákvæðan hlut en því miður gat kenningin haft afar slæmar afleiðingar fyrir fórnarlömb nauðgana. Ef kona varð ólétt við nauðgun, hefur hún samkvæmt kenningunni, þurft að fá fullnægingu en þar með hefur hún notið samfaranna og því ekki hægt að líta á atvikið sem nauðgun.³⁷

Þegar nauðgun var kærð á miðöldum var það gert á öðrum forsendum en í dag. Á fyrri hluta miðalda voru ekki til lög um kynferðislegt ofbeldi en um mitt tímabilið komu fram lög sem kallast *raptus* og fela þau í raun í sér brúðarrán. Hægt var að sækja mann til saka fyrir að nema konu á brott og hafa samfarir við hana í því skyni að giftast henni án leyfis föður hennar eða forráðamanns. Samkvæmt lögnum var konan ekki fórnarlambið, samþykki hennar kom málinu ekki við, heldur beinast lögin að eignarspjöllum. Líkami konunnar var eign fjölskyldunnar og í málum sem þessum var eigandinn fórnarlambið.³⁸

Nauðganir voru því álitnar alvarleg ógn við samfélagið þar sem fjölskyldur og forráðamenn kvenna gátu orðið fyrir alvarlegum eignarspjöllum. Hafa ber í huga að

³⁵ Karras 2002: 286

³⁶ Karras 2002: 286–287

³⁷ Karras 2002: 289

³⁸ Karras 2002: 288

litið var á kynhvöt karla sem óstjórnlegt afl sem erfitt væri að hemja. Karlmennt sem nauðguðu frömdu verknaðinn þar með vegna þess að þeir misstu stjórn á sér sökum náttúrulegra hvata. Til að sporna við vandamálinu var brugðið á það ráð víða á meginlandinu að opna lögleg hórúhús. Þannig var „óstjórnlegum“ hvötum karlmanna fundinn farvegur og siðprúðum konum hlíft við nauðgunum á sama tíma. Einum hópi kvenna var þar með fórnað til að halda í hreinleika annars. Lögleiðing vændis hafði jafnframt áhrif á kynferðislega hegðun kvenna almennt því ef þær höguðu sér á óviðeigandi hátt áttu þær í hættu að vera stimplaðar sem vændiskonur.³⁹

Ljóst er að afar ólíkar kröfur voru gerðar til kynhegðunar karla og kvenna á miðöldum. Sú hugmynd að konur og karlar gegndu mismunandi hlutverkum í kynlífsathöfn, þar sem karlar voru gerendur en konur þolendur, virðist hafa haft mikil áhrif á stöðu kynjanna. Ákveðið stigveldi var til staðar og gerandahlutverkið virðist hafa þótt virðingarverðara. Stigveldið birtist t.d. í hinu tvöfalda siðgæði þar sem konur hlutu skömm fyrir að stunda kynlíf utan hjónabands en ekki karlar. Þá virðist hugsunin um konur sem óvirka aðila hafa dregið úr alvarleika kynferðisofbeldis gagnvart þeim.

3.2. Thomas Laqueur: Einn líkami á miðöldum.

Kenning Thomas Laqueur um líkamann á miðöldum stingur í stúf við þann skýra greinarmun sem gerður var á kynjunum í kynlífsathöfn. Hann hefur fjallað um hugmyndir manna um líkamlegt kyn og kyngervi í gegnum söguna og niðurstaða hans er að nútímahugsun um þessi efni sé býsna ólík þeirri sem menn höfðu á öldum áður. Ríkjandi hugmynd um kynin í nútímanum felur í sér að þau séu tvennt ólíkt og grundvallast sú hugmynd helst á mismunandi líkómum karla og kvenna. Laqueur rekur þessa hugsun til loka 18. aldar og heldur því fram að fyrir þann tíma hafi menn hugsað um líkama kvenna og karla sem tvær hliðar á sama fyrirbæri. Þetta byggir hann á orðræðu um líkamann á miðöldum, til dæmis úr læknisfræðiritum um líffærafræði (e. *anatomy*). Þar kemur fram hugmynd sem Laqueur nefnir eins-kyns kerfið (e. *one-sex/one-flesh model*), en hún felur í sér að líkamar kynjanna séu eins og kynfæri kvenna þau sömu og karla nema snúi inn á við. Kenningarsmiðunum þótti

³⁹ Karras 2002: 288–289

hver partur af kynfærum kvenna samsvara ákveðnum parti af kynfærum karla⁴⁰ og líkamsvessar sem nú eru tengdir öðrum hvorum líkamanum, eins og sæði, tíðarblóð og brjóstamjólk, voru álitnir af sama uppruna. Talið var að líkamsvessar gætu skipt um form, þannig var tíðarblóð til dæmis skýrt sem kælt sæði,⁴¹ og þar af leiðandi var ekki greint á milli vessanna á sama hátt og nú og þeir ekki eignaðir konum eða körlum.⁴²

Þótt eins-kyns kerfið gefi til kynna að litið hafi verið á líkama kynjanna sem eitt fyrirbæri er ekki þar með sagt að kvenlíkaminn hafi verið metinn til jafns við karllíkamann. Í fyrsta lagi þótti það skýr galli á líkama konunnar að kynfærin sneru inn á við en líkami hennar var jafnframt talinn kaldari en karla og þar með ófullkomnari.⁴³ Kenning Laqueur á auk þess aðeins við um líkamann en ekki stöðu kynjanna. Hann telur að aðgreiningin í karl og konu hafi falist í kyngervi þeirra eða félagslegu hlutverki. Kynið fólst þar með í félagslegum þáttum en ekki líkamlegum mun: „Að teljast karl eða kona var því að gegna samfélagslegri stöðu, menningarlegu hlutverki, en ekki að flokkast líffræðilega sem annað hvort af tveimur ósamræmanlegum kynjum.“⁴⁴

Í umfjöllun Laqueur koma fram áhugaverð dæmi um hvernig mörk líkamlegra einkenna, sem í nútímamenningu eru bundin við annað kynið, voru óljósari. Þannig eru fjölmörg dæmi af körlum sem framleiða brjóstamjólk, myndir af Jesúbarninu með kvenmannsbrjóst og dæmi um stúlkur sem breytast í stráka.⁴⁵ Eftir að tveggja-kynja kerfið (e. *two-sex model*), sem hefur verið ríkjandi fram á okkar daga (a.mk. í hinum vestræna heimi), tók við af eins-kyns kerfinu urðu mörk kynjanna skýrari. Fram komu tvö ólík, en jafnframt stöðug, líkamleg kyn og í kjölfarið var litið á mun karla og kvenna sem náttúrulegan en ekki einungis samfélagslegan eða menningarlegan. Stigveldi kynjanna hélst vitaskuld og ný hugsun um kynin festi stigveldið og valdamisræmið einungis betur í sessi með líffærafræðilegum „rökum“.⁴⁶

⁴⁰ Laqueur 1990: 4–9 og 25–35

⁴¹ Sjá nánar Laqueur 1990: 35–43

⁴² Laqueur 1990: 19–20

⁴³ Laqueur 1990: 26 og 36–37

⁴⁴ Mín þýðing „To be a man or a woman was to hold a social rank, a place in society, to assume a cultural role, not to be organically one or the other of two incommensurable sexes.“ Laqueur 1990: 8

⁴⁵ Laqueur 1990: 7

⁴⁶ Laqueur 1990: 6

3.3. Carol J. Clover: Kyngervi og norrænt samhengi.

Carol J. Clover telur kenningu Laqueurs um eins-kyns kerfið einnig ná yfir hinn norræna menningarheim á miðöldum. Hún hefur rannsakað hvernig hugmyndir um kyn og kyngervi birtast í norrænum miðaldabókmenntum og telur það ekki hafa verið líkamlegt hlutskipti sem skilgreindi sjálfsveruna heldur félagsleg hlutverk.⁴⁷ Clover víkur þó frá kenningum Laqueur í umfjöllun sinni um kyngervi í norræni miðaldamenningu. Hún telur þau kynjahugtök, þar á meðal kyngervi (e. *gender*), sem við notum í nútímanum ekki ná yfir kerfi miðalda. Clover kemur fram með þá kenningu að ekki einungis hafi verið eitt líkamlegt kyn í norrænni menningu, heldur jafnframt eitt félagslegt kyn. Hún telur einnig að vald hafi haft meiri áhrif en kynferði á sjálfsskilning fólks, líkt og nánar verður fjallað um. Clover byggir kenningu sína um eitt félagslegt kyn á því hversu einfalt það virðist hafa verið fyrir kynin að skipta um hlutverk. Hún rekur fjölmörg dæmi um konur sem stíga út fyrir ramma síns kyngervis, til dæmis konur sem taka upp vopn og ganga í karlmannsklæðum. Þá vísar hún í lög úr *Grágás* sem kveða á um að ef maður sem á ógifta dóttur en enga nána karlkyns ættingja (þ.e. son, bróður eða föður) er myrtur yfirfærast hlutverk og skyldur sonarins yfir á dótturina. Þetta á einnig við um erfðarétt því karlkyns ættingjar voru í forgangi en ef þeim var ekki til að skipta gekk arfurinn til dótturinnar sem samkvæmt lögum var orðin að „syni“.⁴⁸ Að lokum má nefna að konur gátu borið viðurnefnið „drengr“, líkt og Bergþóra í *Njálu* sem er sögð „drengr góðr”,⁴⁹ en samkvæmt Clover er það að vera kallaður drengr eitthvert mesta hól í Íslendingasögunum þar sem þær urðu til í samfélagi þar sem hið karlmannlega var ávallt talið æðra en hið kvenlega. Hún vísar einnig í orðskýringu eftir Cleasby og Vigfússon þar sem „drengr” er skilgreint sem „bold, valiant, worthy man”⁵⁰ eða „hugrakkur, hetjulegur, verðugur maður” og út frá þeirri skilgreiningu dregur hún þá ályktun að orðið feli í sér kjarna karlmennskunnar.⁵¹

Þrátt fyrir ofangreind dæmi var verkaskipting kynjanna og samfélagsstaða skýr á miðöldum og konur neðar í samfélagsstiganum. Vettvangur kvenna var innan heimilisins á meðan vettvangur karla var utan stokks. Konur sáu um uppeldi barna,

⁴⁷ Clover 1993

⁴⁸ Clover 1993: 66–68

⁴⁹ *Brennu-Njáls saga* 1954: 57

⁵⁰ Cleasby og Vigfússon 1957 :105

⁵¹ Clover 1993: 70

matseld og ullarvinnu, svo eitthvað sé nefnt, á meðan karlar sáu um mataröflun og gátu ferðast og tekið þátt í stjórnámálum. Clover bendir á að vegna þessarar skýru verkaskiptingar leggi fræðimenn hana gjarnan að jöfnu við kyngervi, þ.e. að verkaskiptingin leiði í ljós að á miðöldum hafi menn litið á karl og konu sem ólík kyngervi og séð þessa tvo flokka sem eðlisólík fyrirbæri. Clover telur það þó á misskilningi byggt vegna möguleika kvenna á að stíga út fyrir sitt hefðbundna hlutverk.⁵² Fyrst konan gat skipt um hlutverk var kyngervi hennar ekki bindandi og þegar kona var „drengur góður“ sýndi hún vissulega óvenjulega eiginleika fyrir konu en hún var ekki ónáttúruleg. Hún leggur áherslu á að norræn menning á miðöldum hafi verið afar karlmiðuð og að ávallt hafi verið litið á karlmennsku sem eitthvað jákvætt. Samkvæmt Clover átti þetta ekki aðeins við um karla heldur var konum einnig talið til tekna að sýna karlmannlega eiginleika og stíga út fyrir sitt kyngervi, líkt og í tilviki Bergþóru.⁵³ Clover telur jafnvel að nánast undantekningarlaust komi fram aðdáun á konum sem taka sér karlhlutverk og telur Hallgerði í *Njálu* hugsanlega eina frávikið.⁵⁴

Eiginleikar gátu sem sagt flætt milli kynja og þar með var ekki sjálfgefið að karlar byggju yfir karlmennsku, frekar en konur kvenleika. Hugtakið „karlmaður“ var ekki síður óstöðugt en hugtakið „kona“ og karlmenn gátu jafnframt glatað karlmannlegum eiginleikum, rétt eins og konur gátu öðlast þá.⁵⁵ Í íslenskum miðaldabókmenntum virðist karlmennskan jafnvel ekki meðfædd heldur þurfa karlmenn sífellt að vera að sýna fram á að þeir búi yfir henni, en það kemur skýrt fram í umfjöllun um Sigurð þögla í kafla 4.1.⁵⁶

Níð og móðganir koma ósjaldan fyrir í norrænum miðaldabókmenntum og algengustu og jafnframt alvarlegustu ásakanirnar beinast að karlmennsku eða kannski heldur skorti á henni. Oft er andstæðing í sennu eða mannjöfnuði til dæmis brigslað um skort á hugrekki eða álasað fyrir fátæklegan klæðnað til að niðurlægja hann og skipa honum meðal lágstéttarinnar.⁵⁷ Niðurlægjandi ummæli voru litin svo

⁵² Clover 1993: 63–64

⁵³ Clover 1993: 70

⁵⁴ Clover 1993: 69

⁵⁵ Clover 1993: 70

⁵⁶ Í umfjöllun Ármanns Jakobssonar um karlmennsku í *Brennu-Njáls sögu* leggur hann einmitt áherslu á hversu hverful karlmennskan er. Einn kafla skýrir hann: „Fifty Ways to lose your manhood“, eða „fimmtíu leiðir til að glata manndómi þínum“, en nánast öllum karlpersónum sögunnar er brigslað um skort á karlmennsku. Sbr. Ármann Jakobsson 2007: 193 og 195

⁵⁷ Clover 1993: 70–71

alvarlegum augum að viðurlög við vissum ásökunum voru greipt í lög. Strangar refsingar voru meðal annars við því að kalla karlmann „grey“ eða líkja honum við meri eða portkonu. Einnig er tekið fram að viðurlög séu við því að brigsla karlmanni um að hafa fætt barn.⁵⁸ Lög af þessu tagi hljóma undarlega í nútímanum en ef einskyns kerfið er haft í huga má ætla að hugmyndin um óléttan karlmann hafi ekki þótt jafn fjarstæðukennd og nú. Þegar karlmaður var sakaður um óléttu eða að hafa fætt barn felur ásökunin í sér að hann hafi tekið sér þolandahlutverk, eða hlutverk konunnar, í kynlífsathöfn en líkt og fram hefur komið þótti það afar niðurlægjandi staða fyrir karlmann. Sá sem sakar annan um slíka hegðun á yfir höfði sér dóm um útleigð fyrir lífstíð.⁵⁹

Alvarleiki þess að brigsla karlmanni um að gegna kvenhlutverki eða búa yfir kvenlegum eiginleikum gefur til kynna að raunverulegur ótti eða kvíði búi að baki og þar af leiðandi telur Clover hugtakið „karl“ standa álíka völtum fótum og hugtakið „kona“. Hún dregur þar af leiðandi þá ályktun, sem minnst hefur verið á, að í norrænu samfélagi á miðöldum hafi aðeins verið eitt kyngervi. Aðeins hafi verið einn mælikvarði sem fólk var flokkað eftir og hann hafi beinst að karlmennsku.

Clover kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að þeir eiginleikar sem litið var niður á, og hafa hingað til verið kenndir við kvenleika, séu í raun hvers kyns vanmáttur, hvort sem konur eða karlar áttu í hlut. Það sem menn óttuðust til forna var því kannski ekki endilega kvenleiki sem slíkur heldur vanmáttur og valdaleysi. Samkvæmt Clover var fólk á miðöldum því heldur flokkað í máttuga og valdalaus. Þeim fyrri tilheyrðu karlmenn sem höfðu sannað sig sem slíka en einnig konur sem stigu út fyrir sitt hefðbundna hlutverk en síðari flokkurinn er einhvers konar regnhlífarmengi fyrir alla hina: hefðbundnar konur, karlmenn sem ekki stóðu undir væntingum, börn, gamalmenni, þræla og fleiri.⁶⁰

Fyrst mörk kynjanna voru jafn óljós hljóta miðaldamenn að hafa áttað sig á að flokkun í konur og karla væri ekki náttúruleg heldur menningarleg. Sú staðreynd er einmitt lykilatriði í kenningu Judith Butlers um kyngervi og því vert að skoða hana í samhengi við kenningu Clovers. Butler er ekki að lýsa samfélagi miðalda, líkt og Clover, heldur setja fram almenna kenningu um kyngervi. Hún heldur því fram að

⁵⁸ Clover 1993: 72

⁵⁹ Clover 1993: 72

⁶⁰ Clover 1993: 77–79

kyngervi sé ekki náttúrulegt eða eðlislægt heldur eitthvað sem er í sífelldri mótun.⁶¹ Kyngervi er þar með ekki fast eða óhagganlegt heldur ákveðið ferli. Einstaklingurinn endurtekur sífellt ákveðna hegðun eða gjörðir, sem mótast af væntingum samfélagsins hverju sinni. Væntingar til kynjanna eru ólíkar í samfélaginu og þar með mótast einstaklingar á ólíkan hátt eftir því hvors kyns þeir eru. Endurtekningin gerir það að verkum að samfélagið álítur hin ólíku kyngervi sem eitthvað náttúrulegt sem er afar mótandi fyrir sjálfskilning fólks. Einstaklingurinn upplifir þá kyngervið sem eitthvað eðlislægt í sinni sjálfsmynd þegar það byggist í raun einungis á endurteknum líkamlegum leik sem sprottin er úr menningunni.⁶²

Það sem greinir á með Clover og kenningu Butler er að Clover telur mikilvægi kyns í mótun einstaklingsins ekki hafa verið jafn ráðandi í norrænu samfélagi á miðöldum. Þrátt fyrir að verkaskipting milli kynjanna hafi verið ólík telur hún vald hafa verið meira mótandi fyrir sjálfsmynd fólks á þeim tíma. Fyrst verkaskiptingin var ólík hafa væntingar til kynjanna þó jafnframt verið ólíkar og erfitt er að ímynda sér að það hafi ekki haft mikil áhrif á mótun sjálfsmyndar og kyngervis. Þótt ekki hafi verið litið á félagslega tvískiptingu kynjanna sem náttúrulögmál hefur hún verið afar pólitísk. Stigveldi var milli kynjanna þar sem staður konunnar var innan stokks en karlsins utan stokks auk þess sem mismunandi lög giltu um kynin. Rökin sem Clover gefur fyrir því að vald hafi skipt meira máli en kyn í mótun einstaklingsins eru þau að konum hafi ávallt verið hampað fyrir að stíga út fyrir sitt hefðbundna hlutverk. Það á hins vegar ekki við um aðalkvenpersónu *Sigurðar sögu þøgla*, líkt og rætt verður um síðar, sem sýnir að Clover gerir hugsanlega of lítið úr mikilvægi kyns í kenningu sinni um kyngervi í samtíma *Sigurðar sögu þøgla*. Hins vegar skipti vald eflaust miklu máli og Clover bendir réttilega á að það var afar tengt sjálfsmynd einstaklinga og kyngervi þeirra. Þar með er mikilvægt að fjalla um kyngervi og vald samtímis og skoða samspil þess.

Áhersla Clovers á að mörk milli kynjanna hafi verið teygjanleg skiptir jafnframt miklu máli. Konur gátu tileinkað sér karllæga eiginleika en fyrir vikið gátu karlmenn misst þessa eiginleika og fallið niður í félagsstöðu konunnar. Menn þurftu því sífellt að sanna karlmennsku sína og það á einnig við um Sigurð þøgla líkt og fjallað verður um í næsta kafla.

⁶¹ Butler 1990: 185

⁶² Butler 1990: 191–192

4. Kyn og kyngervi í *Sigurðar sögu þøgla*

4.1. Þroskasaga Sigurðar þøgla

Í inngangi kom fram að meykóngasögur eru ólíkar hefðbundnum bónorðsfararsögum að því leyti að karlhetjan og ævintýri hennar eru ekki jafn áberandi heldur eru átökin milli karla og kvenna í valdastöðum í forgrunni. Í *Sigurðar sögu þøgla* eru átökin milli karlhetjunnar og meykónsins óneitanlega afar mikilvægur hluti frásagnarinnar en þó er miklu þúðri eytt í ævintýri Sigurðar og sagan í raun öðrum þræði þroskasaga hans. Frásögnin af uppvexti og ævi Sigurðar fær mun meira rými en gengur og gerist í meykóngasögum almennt en hugsanleg skýring á því eru tengsl verksins við frásagnarheim fornaldarsagna norðurlanda. Í *Sigurðar sögu þøgla* koma til dæmis fyrir jötnar og tröll sem heyra fremur til fornaldarsagna en riddarasagna.⁶³ Höfundar hinna frumsömdu riddarasagna sækja raunar almennt mikið í hina innlendu hefð og persónugerðir eins og víkingar, berserkir, tröll og hamhleypur skjóta því stundum upp kollinum þar.⁶⁴ Tröllin sem Sigurður kemst í kynni við gegna stóru hlutverki í þroska hans, líkt og greint verður frá, en *Sigurðar saga þøgla* er þar af leiðandi áhugaverð blanda þar sem hvort tveggja er haldið í þroskasögu karlhetjunnar og áherslan á kvenpersónuna og stöðu konunnar jafnframt aukin.

Annað atriði sem tengir verkið við heim fornaldarsagna er persónusköpun Sigurðar en hann ber ýmis einkenni persónugerðar sem er sérstaklega algeng í fornaldarsögum og kallast *kolbítur*. Í umfjöllun sinni um íslensku rómönsuna, sem nær hvort tveggja yfir frumsamdar riddarasögur og „yngri“ fornaldarsögur, lýsir Torfi H. Tulinius tveimur andstæðum gerðum af hetjum sem einkenna sögurnar. Fyrri flokkinn skipar „hin dæmigerða rómönsuhetja“ en hún er af tignum ættum og einkennist af fegurð auk þess sem hún verður ástfangin af tignum konum og í þeim sögum er ást hetjunnar endurgoldin.⁶⁵ Kolbítinum lýsir Torfi hins vegar á þessa leið:

Hin hetjurgerðin er andstæða þeirrar fyrri; oftast er hún ekki fögur, nýtur sjaldan kvenhylli og sýnir holdlegum þætti ástarlífsins meiri áhuga en hinum andlega. Hún er yfirleitt ekki af höfðingjaættum, oftast komin af bændum og þá gjarnan af bændum í afskekktum sveitum nærri óbyggðum. Því er hún í sérstöku sambandi við náttúruöflin og þaðan fær hún afl sitt. Sem barn liggur hetja þessi oft í öskustónni, nagar

⁶³ Sbr. Torfa H. Tulinius 1993: 237–238

⁶⁴ Sbr. Kalinke 2005: 349

⁶⁵ Sbr. Torfi H. Tulinius 1993: 227

viðarkolin og er kölluð fífl og kolbítur af karlmönnum á bænum, en ósjaldan heldur móðir hennar verndarhendi yfir henni. Þegar hún hefur náð fullorðinsaldri sýnir hún hvað í henni býr og heldur á vit ævintýrana.⁶⁶

Konungssonurinn Sigurður fellur ekki fullkomlega að lýsingu Torfa á kolbítum.

Hann er til dæmis ekki komin af bændum í afskekknum sveitum en einkenni

hetjugerðarinnar koma þó fram um leið og hann er kynntur til sögunnar:

Sigurdr þotti ecki bradger j vppuexti sinum. þotti monnum sem hann munde fatt skynia þath er menn hofduzt ath. þaa er hann var .uij. uetra gamall hafði eingi þa heyrnt hann tala. þui virde kongr og adrir menn vt j fraa hann eitt fol þat er huorcki mundi faa mal ne minne. og lagde kongr aa hann mikla wræct. En drottning vnne honum mest allra sinna barnna og qvezst hyggia ath eigi munndi hann afglapi prouazt adur enn hann enndi sina æfi.⁶⁷

Sigurður er, eða virðist, seinþroska og menn hafa ekki mikla trú á honum. Hann er ekki kallaður kolbítur í sögunni en fram kemur að menn líti á hann sem fól og er honum hafnað af föður sínum líkt og mörgum kolbítum.⁶⁸ Móðirin hefur þó trú á að úr honum rætist og unnir Sigurði. Greifi nokkur að nafni Lafranz deilir þeirri trú og ákveður að taka hann í fóstur. Hann er viss um að sannast muni að Sigurður sé engin afglapi en ítrekað er gefið í skyn að rætast muni úr Sigurði, líkt og kolbítum almennt. Jafnframt er lögð áhersla á að þótt hann fái viðurnefnið þogli sé ekki ljóst hvort hann sé mállaus eður ei: „eingi þottizt uita ath hann munde manna mal skilia e(dur) mundi hann mallaus“ (98). Þegar Sigurður er orðinn örlítið eldri virðist faðirinn einnig gruna að það muni rætast úr syninum. Fram kemur ákveðin togstreita hjá föðurnum þegar bræður Sigurðar biðja hann um hjálp til að komast í hernað. Faðirinn þarf að ákveða hvort hann geymi hluta sjóðsins handa Sigurði en er óviss um hvort Sigurður muni hafa not fyrir hann:

uil eg þar til leggja minn kostnad og þo eigi framar enn oss sneyda og rikit. ef suo kann til at bera ath sa brodir yckarr sem nu er hier eigi þo ath sie oliklict ath hann kome hier og krefi sliks og uerdr þa eigi jafnliga skipt ef hann hefir eckj til at taka ef hann þarf. enn þat er ugganda at eg þurfe rad fyrir þessu at gera enn þo er huorskis oruænt þuiat mart ma lengi skipazt um ungan mann. en þat sie eg at badum yckur er hann stærri vecsti og stercligri og uenne at lita. (105)⁶⁹

⁶⁶ Torfi H. Tulinius 1993: 226

⁶⁷ *Sigurðar saga þogla* 1963: 98. Hér eftir verður vitnað í heimildina með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

⁶⁸ Sbr. Ásdísi Egilsdóttur 2005: 91

⁶⁹ Greinarmerkingum og hástöfum verður haldið óbreyttum þar sem notast er við stafrétta útgáfu.

Í upphafi ræðunnar telur konungurinn ólíklegt að sonurinn vitji síns hluta en undir lokin kemur fram að hann sjái nokkuð í fari Sigurðar sem bendi til þess að hann verði jafnvel meiri maður en bræðurnir. Þarna er Sigurður enn barn en ljóst er að faðirinn bindur vonir við að Sigurður verði mikill maður í framtíðinni.

Áhugavert er að skoða hvernig karlmennskan eða kyngervið birtist í sögum um kolbíta því lesandinn fylgist með persónunni frá því hún er barn og leið hennar inn í heim hinna fullorðnu. Miklar kröfur eru gerðar til drengsins sem þarf að sanna sig sem karlmaður og þar er Sigurður þögli engin undantekning. Ásdís Egilsdóttir, sem skrifað hefur um kolbíta, bendir á að sögurnar lýsi fyrst og fremst vandanum við að verða karlmaður:

Sögurnar greina frá því að búningurinn fyrir hlutverkið er kominn. Drengurinn eða æskumaðurinn er oft stór vexti en stór líkaminn er eins og flík sem passar honum ekki. [...] Framvindu sögunnar er ætlað að lýsa því hvernig söguhetjunni tekst að ganga inn í það hlutverk sem sveinbarni er ætlað og leysa það þannig af hendi að aðrir karlmenn hlæja ekki lengur að honum og kalla kolbít.⁷⁰

Þegar faðirinn tekur fram að Sigurður sé bæði stærri og sterkari en eldri bræðurnir er ljóst að karlmenskubúningurinn er til staðar en drengurinn passar ekki enn í hann. Sama má sjá í lýsingu á Sigurði, átján vetra gömlum:

Hann var suo stor uexti at enngi war hans likje aa aullu landinu. Sigur(dur) war orr af fe wit þaa menn alla er hann kennde og fyrir þessa sok vnni honum huer madur j þeirre borg og hörmodu miog er þeir hugdu hann eigi mæla mega sem adra menn. (136)

Í textanum kemur jafnframt fram að þrátt fyrir að Sigurður þögli búi yfir góðum eiginleikum, stenst hann ekki væntingar samfélagsins sökum málleysis. Hann uppsker raunar ekki hlátur, líkt og margir kolbítar, heldur harma menn hlutskipti hans.

Væntingar sem gerðar eru til Sigurðar og áhyggjur föðurins og annarra af því að hann standi ekki undir þeim sýna að karlmennskan er ekki meðfædd heldur eitthvað sem hetjan þarf að vinna fyrir. Ekki líður á löngu í sögunni þar til Sigurður tekur til máls og sannar að hann var þá ekki mállaus eftir allt saman. Í kjölfarið hefst nokkuð dæmigerð hetjusaga þar sem hann leggur upp í mikla manndómsvígslu og nýtir ótal tækifæri til að sanna karlmennsku sína. Karlmannlegur þroski birtist jafnan

⁷⁰ Ásdís Egilsdóttir 2005: 97–98

með þrennum hætti í hetjusögum; þ.e. í andlegum, líkamlegum og kynferðislegum þroska.⁷¹ Með því að rjúfa þögnina sýnir Sigurður andlegan þroska og hann sannar að hann er ekki eitthvert fól, líkt og margir töldu. Þegar hann byrjar að tala kemur jafnframt í ljós að hann kann fleiri en eitt tungumál sem er til marks um greind sem hann hlaut í uppeldinu hjá hinum vitra greifa.⁷² Andlegur þroski veitir Sigurði mikilvæga samfélagslega viðurkenningu en hann á þó enn eftir að öðlast líkamlegan og kynferðislegan þroska.

Samkvæmt Ásdísi felst líkamlegur þroski aðallega í hreystiverkum hetjunnar en kynferðislegur þroski í því að áhugaleysi á konum víki fyrir áhuga sem leiði til bónorðsfarar hetjunnar.⁷³ Upprennandi hetjur þurfa að öðlast hugrekki og visku og ganga í gegnum ákveðna manndómsraun í kjölfarið þar sem þær sýna fram á líkamlegan þroska. Samkvæmt Margaret Clunies Ross felur manndómsraun hinnar ungu hetju jafnan í sér för á ókunn svæði, eða út í óbyggðir, þar sem hetjan þarf að standast prófraun. Sem dæmi um slíkar manndómsvígslur tekur Clunies Ross tvær goðsagnir, annars vegar Sigurð Fáfnisbana og hins vegar söguna af því þegar Þór fer til jötunsins Hymis og berst við miðgarðsorm. Til eru margar gerðir af sögunni um Þór og miðgarðsorm en Clunies Ross bendir á að í mörgum þeirra sé tekið fram að Þór sé ungur, t.d. í *Eddu* Snorra Sturlusonar. Hymir leiðir Þór út á haf en Sigurður Fáfnisbani heldur á Gnitahéiði og hvor um sig þarf að sanna sig með því að yfirbuga yfirmáttúrulegar skepnur. Eftir þessar manndómsvígslur geta hetjurnar síðan haldið heim og tekist á við fullorðinslífið.⁷⁴

Hið sama á við um Sigurð þögla sem ákveður einn daginn að fara að heiman og leita á vit ævintýra. Fyrir kolbítinn er það mikilvægt skref að yfirgefa heimilið því í heimi hetjunnar er heimilið vettvangur kvenna. Sú sýn kemur fram í orðum Hálfðánar, bróður Sigurðar, þegar hann hyggst sjálfur leggja af stað í manndómsraun ásamt Vilhjálmi, þriðja bróðurnum: „Huern frama e(dur) fregð munu wid af faa ef wid sitium heima sem mærl til kostar“ (104). Karlmanninum er nauðsynlegt að yfirgefa heimilið og leggja upp í mikla manndómsvígslu því annars er hann í sömu stöðu og konan sem situr heima og bíður bónorðs. Fyrir för sína áskotnast Sigurði máttugt sverð frá Lafranz og nýtist það honum vel. Sverðið er sterkt karlmennskutákn

⁷¹ Ásdís Egilsdóttir 2005: 91 og Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001: ccxxxviii–ccxxxix

⁷² Sbr. Ásdís Egilsdóttir 2005: 97

⁷³ Ásdís Egilsdóttir 2005: 91

⁷⁴ Clunies Ross 1997: 554–555

og virðist mikilvægur partur af búningi hetjunnar.⁷⁵ Það er þó ekki nóg að klæðast búningnum því í sögunni er sérstaklega tekið fram að Sigurður muni aðeins nota sverðið, „ef hann bilar eigi hiartap<R>yde með aræde“ (141). Hugrekkið skiptir þannig ekki síður máli enda nýtist sverð huglausri hetju ekki mikið.

Fyrsta prófraun Sigurðar er viðureign við dreka. Hann á ekki í miklum erfiðleikum með að yfirbuga þá skepnu og hugrekki hans kemur bersýnilega í ljós (146–147). Honum er stillt upp sem ofjarli bræðra sinna þar sem þeir höfðu áður hræðst og flúið sama dreka (139).⁷⁶ Þegar Sigurður mætir drekanum hafði drekinn klófest ljón og með því að bana drekanum bjargar Sigurður jafnframt ljóninu. Eftir það stendur ljónið í mikilli þakkarskuld við Sigurð og fylgir honum líkt og taminn hundur. Samkvæmt Driscoll er ljónið tákni um hugrekki og styrk í bókmenntum en þar með styrkir fylgd ljónsins ímynd Sigurðar.⁷⁷ Ljónið verður því táknað fyrir þá eiginleika, hugrekki og styrk, sem Sigurður hefur sannað að hann búi yfir.

Þegar hér er komið sögu er ljóst að Sigurður hefur öðlast líkamlegan þroska en enn eru nokkur mikilvæg atriði eftir í manndómsvígslu hans. Eitt þeirra er að eignast auðæfi en eftir að hafa drepit drekan, og afkvæmi hans, kemst Sigurður yfir mikla fjármuni sem leynast í bæli drekans (150). Enn ríkari verður Sigurður þó af kynnum sínum við „flagðkonurnar“ Fálu og Fleðgu. Leiðir þeirra liggja saman þegar tröllkonurnar hyggjast borða hesta Sigurðar meðan hann sefur. Hið grimma ljón stendur þó vörð og senan endar með því að Sigurður og ljónið yfirbuga aðra skessuna. Félagarnir virðast reiðubúnir að bana henni en hún biður sér vægðar og lofar að endurgjalda Sigurði lífgjöfina. Sigurður dvelur þá hjá flögðunum og þegar þau skiljast stendur Flegða við sitt og gefur honum alls kyns yfirnáttúrulega gripi sem koma Sigurði að miklu gagni síðar í sögunni.

Þótt tröllkonur séu ekki algengar persónur í riddarasögum koma þær oft fyrir í fornaldarsögum og eiga þá gjarnan þátt í mótun hetjunnar. Í fyrsta lagi sýnir það styrk og hugrekki hetjunnar að þora að standa frammi fyrir ógnvekjandi flagðkonum en þær

⁷⁵ Til marks um það má m.a. nefna að Sigurður Fáfnisbani eignast hið einstaka sverð, Gram, áður en hann heldur á Gnitahéiði til að nota í viðureign sinni við Fáfni. Sjá, *Reginsmál* 1968: 324

⁷⁶ Kalinke bendir á að einnig sé að finna bardaga við dreka í *Þiðreks sögu* og því hugsanlegt að sá bardagi hafi haft áhrif á höfund *Sigurðar sögu þögla*. Það er þó aðallega áhugavert fyrir þær sakir að annað sagnaminni sem jafnframt virðist fengið frá evrópskri rómönsu, fléttast inn í viðureign Sigurðar og drekans en það er minnið um hið þakkláta ljón sem upphaflega kemur fyrir í *Ívens sögu*. Kalinke 2005: 349

⁷⁷ Driscoll 1992: lxxvi

reynast þó oft á tíðum einnig afar hjálpsamar, líkt og Fála og Flegða. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir hefur bent á að jafnframt því að ráðleggja hetjunni og gefa dýrmæta gripi eiga flagðkonur ósjaldan í kynferðislegu sambandi við söguhetjunnar⁷⁸ en þar með gegna þær hlutverki í kynferðislegum þroska þeirra. Þá er oft lögð áhersla á líkama tröllkvenna og ósiðsamlegan klæðaburð. Algengt er að flögðin klæðist yfirhöfnum sem eru svo stuttar að aftan að þær ná ekki að skýla kynfærum þeirra en það bendir til frjálslegrar kynhegðunar.⁷⁹ Útganginum á Fálu er einmitt lýst svo: „Geitskinnzolpa hennar war rum. eigi miog sidug. stutt á bakit enn sijd fyrir“ (149). Ekki er tekið fram að Sigurður eigi í kynferðislegu sambandi við tröllkonurnar meðan á dvöl hans hjá þeim stendur. Þær eru þó fyrstu kvenmennirnir sem hann hittir sem er áhugavert, annars vegar í ljósi þess að flagðkonur eiga oft þátt í kynferðislegum þroska hetja fornaldarsagna en hins vegar vegna hinnar kynferðislegu lýsingu á Fálu. Lýsingin gerir það að verkum að dvöl Sigurðar hjá flögðunum fylgir kynferðislegur undirtónn. Skilnaðarorð Flegðu gefa einnig til kynna að Sigurður hafi eitthvað þroskast því hún kallar hann „kallmann“:

“eigi hófum wit enn launat þier lijfgiöfina sem þu ert makligur S(igurður). Enn ef þu þarft lijtils wid kallmadur nefndu ockur systur þaa aa nafn. og mun þier þat eigi uerraa enn eckj”. (159)

Samskipti Sigurðar við meykónginn eiga þó stærstan þátt í kynferðislegum þroska Sigurðar. Líkt og áður sagði er áherslan á samskipti kynjanna í meykóngasögunum og valdabaráttu þeirra á milli, en sú barátta verður skoðuð í víðara samhengi í næstu köflum. Ljóst er þó að fullum þroska hetjunnar verður ekki náð nema með því að vinna meykónginn. Þar sem meykóngurinn hefur engan áhuga á að giftast og svívirðir alla sína biðla, er það meiri raun fyrir Sigurð að vinna hana. Fyrir vikið öðlaðist hann þó enn meiri heiður ef hann fær Sedentiönu, líkt og hann segir sjálfur: „ef uel tekzt þaa være þess meire sigur j hana yfir at uinna sem hunn hefir fleire spottad adr og yfirunnit med sijnum brögðum og klokskap“ (161). Það er því ekki ást eða rómantík sem veldur því að Sigurður vill fá Sedentiönu. Hann vantar einfaldlega konu til að fullkomna karlmennskuímyndina og hann velur hinn háttsetta meykóng þar sem völd hans ykjast til muna við að ganga að eiga Sedentiönu. Sigurður lendir í ýmsum hremmingum og svívirðingum af hendi meykónsins, sem

⁷⁸ Sbr. Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 59

⁷⁹ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 63 og 67

raktar verða í næstu köflum, en sagan endar þó með því að hann leikur á Sedentiönu og fær hennar: „festi S(igurður) Sed(entianu) drot(ningu) og gafu höfðingjar land<z>jns <honum> kongs nafn. tok hann ríki allt j sitt ualld. þar með Pul og Saxland f(odur)leifd sijna“ (246). Með því að giftast hinum volduga meykóngi færast ríkið frá Sedentiönu yfir til Sigurðar og hann verður konungur. Þar með hefur Sigurður fengið konu og mikið ríkið og karlmennska hans er fullkomnuð. Mikilvægi eiginkonunnar og ríkisins í karlmennskuímyndinni endurspeglast jafnframt í því að sagan endar ekki aðeins með brúðkaupi Sigurðar og Sedentiönu heldur sér Sigurður til þess að allir fóstbræður hans og bræður eignist kvonfang og ríki áður en yfir lýkur.

Umfjöllun þessi um þroskasögu Sigurðar sýnir að mikil áhersla er á karlmennsku í sögunni og hetjan þarf að leggja afar hart að sér til þess að sanna sig sem karlmaður. Sagan fellur að því leyti að kenningum Clovers um að karlmennskan sé ekki náttúrulegur eða meðfæddur eiginleiki annars kynsins heldur þvert á móti eitthvað sem einstaklingurinn þarf að sýna fram á að hann búi yfir. Þótt karlmenn hafi verið í meira álit en konur þurftu þeir að standa undir gríðarlegum væntingum sem drengurinn Sigurður virðist í fyrstu ekki ætla að gera. Líkt og ríkið hefur verið rætist þó úr honum og hann vex upp í það hlutverk sem honum er ætlað. Lokálnur sögunnar eru einnig áhugaverðar í ljósi kyngervis karlmannsins en þar kemur fram allt sem máli skiptir um framtíð sonar Sigurðar og Sedentiönu eftir að þau eru fallin frá:

Enn eptir þeirra d(ag) tok Flores son þeirra uith kongdome og war hinn mesti hermadur sem fadir hans S(igurður) kongr og skattgildi unndir sig marga konga og þeirra ríki enn drap blamenn og berserki og mart annath illþyði. Enn er alldr færðizt yfir Flores S(igurdar)sonn feck hann ser sæmiliga drotningu og ol uith henni morg börn (259)

Hér eru afrek Flóres nefnd og tekið er fram að hann taki við ríki og eignist konu. Þetta eru sömu atriði og koma fyrir í þroskasögu Sigurðar sem sýnir hversu mikilvæg þau eru karlmennskuímyndinni. Raunar kemur einnig fram að Flóres eignist mörg börn og rétt er að geta þess að það er eitt af undirstöðuhlutverkum karlmannsins.⁸⁰ Ljóst er því að Sigurður, og aðrir karlmenn sögunnar, fara í öllu eftir hlutverki sínu sem karlmenn og falla fullkomlega inn í sitt hefðbundna kyngervi. Það á þó ekki jafn vel við

⁸⁰ Sbr. Ásdísi Egilsdóttur 2005: 90

aðalkvenpersónu verksins og því vert að skoða hvernig kyngervi hennar birtist í sögunni.

4.2. Óhefðbundið hlutverk meykónsins

Hér að framan hefur sjónum verið beint að persónu Sigurðar og kyngervi hans kannað út frá kenningum Clovers um kyngervi á miðöldum. Líkt og áður sagði heldur Clover því fram að mörk kyngervis karla og kvenna séu afar óljós eða jafnvel ekki til staðar og bendir á ýmis dæmi þess að konur tileinki sér karlmannlega eiginleika rétt eins og karlar. Í hóp þeirra kvenna sem Clover nefnir mætti bæta við meykóninum Sedentiönu. Hún tekur sér karllæga stöðu þegar hún tekur við ríki föður síns og verður Frakklandskonungur. Við það fellur í hennar skaut: „bæde lonnd aull og lausafe borgir og kastala[r] med skottum og skyllidum“ (102) og faðir hennar lætur „alla landz hofdinn<gia> sueria henne trunadareid suo sem hun uære einualldzkongr yfir landinu“ (102). Sedentiana er afar ákveðin í hlutverki einvaldsins, líkt og fram kemur þegar hún tekur við ríkinu:

Sedentiana settizt j sinna borg. og snyzt nu til hennar oll rikisstiornn. vill hún sig kong lata kalla. war hun bæde rik og radgiornn. enn let hun huern þann drepa er af bra hennar uilia og skipan og ottuduzt hana allir. enn þo hofdu allir menn mikla elsku aa henne þui hun var milld af fe og gaf storum fe og gerdizt hun fræg um lonnd öll. (102–103)

Hér kemur fram að titillinn konungur skiptir Sedentiönu miklu máli. Það er áhugavert í ljósi þess að orðið konungur er samkvæmt venju alltaf notað um karlmenn en konur í valdastöðu eru kallaðar drottningar eða keisaraynjur.⁸¹

Marianne Kalinke bendir á að merkingarmunur orðanna drottning og konungur felist ekki aðeins í að þau vísi til mismunandi kyns heldur feli orðið konungur í sér æðra vald. Orðið drottning nær hvort tveggja yfir ógifta konu í valdastöðu og eiginkonu konungs.⁸² Eiginkona konungs hefur ekki sömu völd og konungurinn sjálfur og Kalinke tekur dæmi úr *Geirarðs þætti* sem sýnir að ógiftir kvenkyns valdhafar hafi heldur ekki verið álitnir jafnir karlkyns valdhöfum. Elínborg, persóna í *Geirarðs þætti*, ber viss einkenni meykóna en hún ríkir yfir Frakklandi og

⁸¹ Sbr. Sif Ríkharðsdóttur 2010: 416

⁸² Kalinke 1990: 69–70

neitar öllum biðlum sínum. Þótt öllum sé ljóst að Elínborg ráði þar ríkjum er land hennar sagt *hofðingjalaust* sem bendir til þess að kvenkyns valdhafi sé ekki tekin fullkomlega alvarlega og sé valdaminni en konungur.⁸³

Sedentiana tekur stöðu sína þó grafalvarlega og telur sig a.m.k. jafnháa karlmönnum, ef ekki ofjarl þeirra. Það er því ekki að undra að hún krefjist þess að vera titluð konungur. Þrátt fyrir þá kröfu hennar, og að hún sé kynnt sem einvaldskonungur, er hún yfirleitt kölluð drottning af sögumanni og í samtölum annarra persóna. Sem dæmi má taka eftirfarandi setningar: „einn myrginn arla rijs dro(ttning) Sedentiana snema up” (181) og orð Sigurðar við bræður sína: „drott(ning) skal annat hafa <at> gera adra .iij. daga enn spotta oss“ (239). Einn örfárri sem kalla Sedentiönu meykóng er dvergur nokkur sem þykir mikil smán fylgja þeim svívirðingum sem Sigurður og bræður hans hljóta af Sedentiönu en hann segir „er slijet enn meire apturferd agiætum kongs sonum. [...] ath þier skulit eigi geta yfir unnith einn lijttinn meykong“ (190). Hér er titillinn því ekki notaður til að upphefja Sedentiönu heldur til að gera lítið úr henni. Dæmin eru áhugaverð þar sem þau gefa til kynna afstöðu söguhöfundar til Sedentiönu og ljóst er að hann deilir ekki með henni þeirri skoðun að hún sé fullgildur konungur.

Þegar Sedentiönu bera þó mikla virðingu fyrir henni og enginn kvartar yfir því að kona sé við stjórnvölinn. Í tilvitnuninni um stjórnarhætti hennar hér að framan kom til að mynda fram að þrátt fyrir harða stjórn elski hana allir og dáí. Þá sést hversu mikilvæg hún er ríkinu þegar Hálfván særir hana nánast til ólífis: Á flóttu frá kastala Sedentiönu skýtur Hálfván hana í brjóstið með stöng en viðbrögðum manna hennar er lýst svo: „þeim [var] seint um i kasta(lanum) at bua sijnar uijguelar þuiat þeir satu lengi daprir yfir dro(ttningu) med otta og harme“ (129). Í stað þess að hefna strax á meðan tækifæri gefst getur hirðin sig hvergi hreyft á meðan Sedentiana er lífshættulega slösuð. Dæmið sýnir að Sedentiana er afar mikilvæg þegnum og hirðinni og, a.m.k. þegar hún er ekki slösuð, virðist ríkið vera í góðum höndum þótt ekki komi karlmaður að stjórn þess.

Eitt mikilvægasta hlutverk meykónsins, og konunga yfirhöfuð, er að verja ríkið gegn óvinum. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir heldur því fram að meykóngar hafi almennt alla burði til að verja ríki sitt á við karlmenn.⁸⁴ Varnarhæfileikar Sedentiönu koma til dæmis bersýnilega í ljós þegar hún nær að hrekja á brott fyrst bræður

⁸³ Sbr. Kalinke 1990: 80

⁸⁴ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 110

Sigurðar, Hálfðán og Vilhjálmm (127–134), og síðar Sigurð sjálfan (185–194).

Samkvæmt Jóhönnu skiptir vit meykónganna miklu máli þegar kemur að vörnum ríkisins en Sedentiana er bæði sögð bera af í veraldlegum listum og prýdd „wmfram adrar jungfrur j heimi<n>um med snilld orda og ollum frodskap“ (100). Annað atriði sem Jóhanna nefnir er að meykónger búi oft yfir töfragripum eða yfirnáttúrulegum hæfileikum sem hjálpa þeim við að verja ríkið. Þannig gegna töfrasteinar Sedentiönu, sem sýna henni allt sem fram fer í veröldinni og koma jafnframt upp um dulargervi manna, stóru hlutverki. Þeir gera henni kleift að vera ávallt viðbúin þegar ógn steðjar að og það er í raun ekki fyrr en hún missir sína mikilvægu töfrasteina að varnir ríkisins bresta.⁸⁵

Sedentiana er því fullfær um að verja ríki sitt og þegna þar til Sigurður beitir hana brögðum með hjálp dvergsins. Hins vegar stendur ríki hennar meiri ógn af því að hafa kvenkyns einvald þar sem biðlarnir bíða meykóngsins í röðum og ráðast jafnan á ríkið þegar Sedentiana neitar þeim.⁸⁶ Biðlarnir vilja ekki aðeins ganga að eiga Sedentiönu heldur einnig ná völdum hennar, eins og áður hefur komið fram, en við giftingu missir meykóngerinn völd sín yfir ríkinu. Þess vegna bregst Sedentiana afar heiftarlega við bönorðum sem hún fær og þegar hún sér fyrir komu Sigurðar og félaga tekur hún svo til orða: „ueit eg ath hier med ætla þeir at safna unndir sig og spanna undir sig allt uort ríki med hernade. og mijnka suo minn heidur og mekt er verollidn hefir mier gefit.“ (184) Ríkinu stendur ekki einungis ógn af mönnunum heldur óttast Sedentiana að þeir vilji hrifsa til sín völd hennar og þá væntanlega með því að ganga að eiga hana.

Meydómurinn er Sedentiönu þar með afar mikilvægur en hann er einfaldlega forsenda valdsins sem hún fer með. Meykóngerinn þarf því að verja eigin líkama samtímis ríkinu og hinir miklu varnarveggir sem Sedentiana kemur upp í kringum kastala sinn eru þar af leiðandi einnig táknrænir fyrir meydóm hennar:⁸⁷

hun uill gera lata einn castala suo traustann og stercan at eckj megi grannda elldur ne jarnn galldrar e(dur) gerningar. Hann var þar settur sem nes .ij. gengu fram med hafum hòmrum. enn yfir sunnde þessu er jnn skarst j lanndit skyllde setia þenna kastala. enn gerde hamra gear fyrir ofan suo hawar a þar *mattu aunguir yfir komazt [...] enn fyrir utan j sundinu let hun med storum stolpum setia jarnn grindur at eingi matti med leyniligum prettum komazt ath cast(alanum). (103)

⁸⁵ Fyrirnefndur dvergur stelar steinunum frá henni og færir Sigurði (195–196).

⁸⁶ Sbr. Kalinke 1990: 79

⁸⁷ Sbr. Guðbjörgu Aðalbergsdóttur 1994: 50

Síðar í sögunni þegar Sigurður gerir áhlaup á ríkið hefur Sedentiana eflt varnir sínar enn frekar:

Drott(ning) hafði adur latit gera sier *leynilig herbergi j Treuerisborg. þessi herbergi uoru eigi samfost audrum husum j borginne. uoru þau murut sterkliga. [...] suo war hun þar geymd og allr hennar meyar skare at enngi madur kynstralaust matti hana tale naa e(dur) finna an hennar vilia. (182–183)

Hér beinist varnarleikur Sedentiönu að eigin líkama og öryggi. Hún breytir kastalanum til að verja sjálfa sig. Sá örlagaríki atburður að kastalavarnirnar hrynja valda því síðan að Sedentiana sjálf verður varnarlaus. Óvinurinn, þ.e. Sigurður í dulargervi, kemst inn fyrir varnarvegginn með því að beita brögðum og samtímis missir Sedentiana vald yfir eigin líkama þar sem Sigurður nauðgar henni, líkt og nánar verður fjallað um í kafla 5.2.

Umfjöllunin hér að framan sýnir að Sedentiana hafnar hefðbundnu hlutverki kvenna með því að taka sér valdastöðu og neita að ganga í hjónaband og jafnframt hefur verið sýnt fram á hvernig þessi atriði, meydómur og vald, eru samtvinnuð. Hjónaband myndi kollvarpa stöðu Sedentiönu því við það færðust völdin yfir til eiginmannsins og meykóngurinn umbreyttist í undirgefna eiginkonu. Sú staðreynd útskýrir viðbrögð hennar við bónorðum sem hún fær:

hun forsmade naliga allar tignar frur og tiginna manna sonu suo miog ath þann visse hun avnguan fæddan j norduralfunne veralldarinnar ath henne þætti <eckki> full minnkan j ath samteingiazt medur nockurre elsku. og þui treystizt eingi madur huorcke kongssynir ne adrir menn þeirra mala ath leita. þuiat hunn hafði ollum med hneysle og skemd j burtu visat med hracligum ordum og vondum gerningum. (100–101)

Þetta orðspor Sedentiönu sannast svo þegar Hálfván fer í bónorðsför til hennar.

Meykóngurinn tekur vel á móti honum og Vilhjálmi en umturnast þegar Vilhjálmur ber upp erindið fyrir bróður sinn:

sem Wilh(ialmur) hafði til ennda fært sitt mal. þaa matti skiott siaa og finna mikinn reidesuip aa drott(ningu) þuiat hun blicnade oll og lijtur re<i>duliga til Vilh(ialms) og m(ælte) “þu Vilh(ialmur)” s(egir) h(un) “lezt her kominn þess erindiss at gera oss nockurn heidur suo sem <með> presentum gullz og gersima enn þu hefir nu birt þik sialfann. at þu uilldir at os færa skomm til sannrar suiuirdingar. þuiat þrælar nogir mega hier finnast j uoru riki. ath os synast betur bodner enn þessi þinn bro(dir) og vijst ei uilldi eg nyta hann til skosueins mier. (125–126)

Svívirðingarnar halda svo áfram og enda með líkamlegu ofbeldi, en því verður gert betri skil í kafla 5.1. Viðbrögðin virðast ansi öfgakennd og skýrast einungis ef völt valdastaða meykóngsins, sem byggist á að halda stöðu sinni, er tekin með í reikninginn. Þegar karlmaður ber upp bónorð við hana er hann orðinn ógn við völd hennar.

Í kaflanum sem segir frá heimsókn bræðranna kemur skýrt fram hversu margbrotin persóna Sedentiana er. Hún tekur vel á móti þeim í fyrstu og er til að mynda sögð blíð (128–129) en þegar hún er reitt til reiði verður hún ofbeldisfull og sadísk. Myndin sem dregin er upp af Sedentiönu sem blíðri, hæverskri konu stangast verulega á við meðferð hennar á bræðrunum sem og þeim sem fara ekki eftir vilja hennar eða skipan. Jóhanna bendir á að í flestum meykóngasögum sé kvenpersónunni lýst á kvenlegan hátt. Kynferði þeirra er því ekki á reiki innan sagnanna þrátt fyrir að þær taki sér karlmannlega stöðu.⁸⁸ Það má meðal annars sjá á lýsingum af Sedentiönu þar sem mikið er gert úr útliti hennar:

suo war hun hæuersklig j likams uexti at *hun war sem vaxinn reyr matuliga mior. Hennar augu woru skjinnandi sem stiörnur j heidbiortu vedre og af þeim synnduzt geislar skjina. Hofudit uar bollott sem eyiar þær er gullz lit hafa med skinan<d>e birte sem logannde elldr e(dur) solar geislar. Ok medur sinu fagra haare matti hun hylia sinn lijkama allann. suo woru hennar kinnur og hinn væne munnur. þetta allt war suo fagurliga skapat ath avllum war þat audsynt ath naturann hafdi þar alla vircr aa lagit medur sialfre hamingiunne ath skapa hana langt wm fram adrar meyyiar er þaa woru j ollum heiminum. (100)

Þessi mikla fegurð, síða hárið og mátulega mjói líkaminn, skýrir hugsanlega að hluta hversu eftirsótt Sedentiana er af karlpeningnum. Til samanburðar fær hin mikla hetja, Sigurður þogli, eftirfarandi útlitslýsingu: „Hann war suo stor uexti at enngi war hans lijke aa aullu lanndinu“ (136). Bæði bera líkamar þeirra af öðrum en ekki þykir ástæða til að dvelja lengi við líkama Sigurðar. Einungis er tekið fram hversu stór hann er, sem ýtir vitaskuld undir karlmennskuímynd hans. Dæmin sýna að skýr greinarmunur er gerður á kynjunum. Nafnið Sedentiana er auk þess kvenmannsnafn og notað er persónufornafnið *hún* eða orð sem aðeins eru notuð um kvenkyn (drottning, frú, jómfrú, o.s.frv.) þegar vísað er til hennar í textanum.

Jóhanna bendir á að einungis tvö dæmi eru um meykónga sem ganga lengra í hlutverkaskiptum en aðrir meykóngar en það eru Þornbjörg í *Hrólfis sögu*

⁸⁸ Sjá Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 113

Gautrekssonar og Ingigerðr í *Sigurgarðs sögu frækna*. Báðar taka þær sér karlmannsnöfn, Þórberg og Ingi, en umskipti Þorbjargar eru meiri því hún tekur jafnframt upp karlmannsklæði og er þátttakandi í bardögum. Þá er Þornbjörg eini meykóngurinn sem er ávörpuð með fornafninu *hann* og orðum eins og *herra* og *konungr* enda bannar hún öllum að kalla sig mey eða konu.⁸⁹ Ingi(gerðr) er öllu kvenlegri þrátt fyrir nafnaskiptin og þótt Þornbjörg falli fullkomlega inn í karlhlutverkið á hún alveg jafn auðvelt með að leika hlutverk konunnar. Jóhanna bendir á að líkómum þessara persóna sé ekki lýst og dregur af því þá ályktun að hið líkamlega skipti ekki jafn miklu máli og hin hugrænu hlutverkaskipti. Kyngervið skiptir þar af leiðandi meira máli en kynferðið jafnvel hjá persónu eins og Þornbjörgu sem virðist beinlínis breytast í karlmann í sögunni en ekki einungis taka sér karlmannlegt hlutverk líkt og aðrir meykóngar.⁹⁰

Jóhanna notar gjörningskenningu (e. *performative theory*) Judith Butlers til þess að greina persónu Þorbjargar og umskipti hennar. Ef kyngervi er ekki náttúrulegt eða eðlislægt heldur menningarlegur tilbúningur, líkt og Butler heldur fram, má auðveldlega afbyggja það. Með því að setja á svið kyngervi sem passar ekki líkama einstaklingsins myndast misræmi milli líkamans og kyngervisins sem leiðir í ljós að kyngervið er tilbúningur.⁹¹ Þornbjörgu er því mögulegt að taka sér félagslegt hlutverk karlmanns sem endurspeglar síðan að kyngervi er ekki eðlislægt.

Þótt Þornbjörg sé ef til vill skýrara dæmi um misræmi milli líkama og kyngervis á það einnig við um Sedentiönu og aðra meykóna. Misræmið er ekki síður til staðar þegar einstaklingurinn samþykkir kynferði sitt en afneitar kyngervi sínu, líkt og Sif hefur bent á í tengslum við meykóna:

Athyglisvert er [...] að höfnun meykónganna á stöðluðu hlutverki og hegðunarmynstri kvenna (þ.e. að giftast og vera undirgefnar eiginmönnum sínum) felur ekki í sér áfneitun á líkamlegu kynferði þeirra. Afneitunin hefur því ekki með kynferði þeirra að gera, enda er hvergi gefið til kynna að þær séu á einn eða annan hátt ósáttar við það að vera kvenkyns. Togstreitan hefur því öðru fremur með kyngervi þeirra að gera, þ.e. viðteknar hugmyndir um hlutverk, hegðun og atferli kvenna. Höfnunin felur í sér ákveðna ögrun eða andstöðu við þær samfélagslegu hegðunarreglur sem þær ættu réttilega að undirgangast sem kvenmenn. Meykóngaminnið tekst því á einn eða annan hátt á við misræmið milli kynferðis og kyngervis, þar sem annað lýtur líffræðilegu kyni, en hitt að menningarbundnu hlutverki þess kyns.⁹²

⁸⁹ Sbr. Kalinke 1990: 72

⁹⁰ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 114–115

⁹¹ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 114

⁹² Sif Ríkharðsdóttir 2010: 426

Hjá meykóngunum kemur sem sagt fram þessi togstreita eða misræmi milli kynferðis og kyngervis sem Butler talar um að geti myndast þar sem hið staðlaða samfélagslega hlutverk leiðir ekki náttúrulega af kynferði einstaklingsins. Meykóngasögurnar, og þar með talin *Sigurðar saga þogla*, draga þannig fram að kyngervið er tilbúið og sýna fram á að miðaldamenn, eða að minnsta kosti einhverjir, litu svo á að samfélagsleg hlutverk kynjanna væru afstæð eða handahófskennd en ekki fastmótuð. Persóna eins og Sedentiana sýnir þar af leiðandi fram á að menn álitu það mögulegt fyrir konur að fara með völd þótt venjan væri að einungis karlmenn gegndu því hlutverki.

5. Ofbeldi og valdatafl í *Sigurðar sögu þogla*

Þótt einhverjir hafi séð konur fyrir sér í valdastöðum, líkt og sjá má í *Sigurðar sögu þogla*, og jafnframt gert sér grein fyrir að verkaskipting kynjanna væri menningarleg fremur en náttúruleg, er ekki þar með sagt að völdin hafi staðið konum til boða. Í *Sigurðar sögu þogla* er Sedentiana til dæmis harðlega gagnrýnd fyrir hegðun sína og sögunni lýkur á sama hátt og aðrar meykóngasögur eða með því að meykóngurinn er yfirbugaður og missir völd sín í hendur karlmanns. Mikilvægur boðskapur sögunnar virðist því vera að skipa konunni í sitt hefðbundna hlutverk. Liður í því er hversu mikil áhersla er lögð á ofdramb hins volduga meykóns sem kemur strax fram í kynningu á persónu Sendentiönu: „Enn þaa er þessi hinn dyrliga mær saa sig prydda og skrydda ollum heimsins nattuugiöfum wmfra adrar jungfrúr j heimi<n>um [...] þaa tok hennar metnadur og ofse ath þrutna“ (100). Þá er hegðun hennar jafnframt gagnrýnd af persónum sögunnar, meðal annars af Vilhjálmi. Eftir að Sedentiana beitir hann og Hálfván ansi grófu ofbeldi segir hann: „þess varar mik at þitt dramb og ofse uerde eigi minna lægdur og forsmadr nockurn tijma. enn nu gasir hann hatt vm fram hofsemd alla“ (128). Vilhjálmur lætur síðar eftirfarandi orð falla þegar Hálfván hefur sært Sendentiönu: „þeim skall hog sem skyllde og fara slicar jungfrur ohæfersliga med sig“ (129). Áhugavert er að hann notar orðið „jungfru“ því það er notað yfir ógiftar konur á giftingaraldri. Hugtakið jungfrú er því andstætt hugtakinu meykóngur en líkt og áður sagði er meydómurinn og ákvörðun meykónsins um að giftast ekki grundvöllur þess valds sem Sedentiana býr yfir. Vilhjálmur gagnrýnir þar með Sendentiönu fyrir það hlutverk sem hún hefur valið sér og þykir hæfa henni betur að ganga í hjónaband og gefa frá sér valdið. Vilhjálmi þykir hegðun Sendentiönu jafnvel svo óviðeigandi að hún eigi refsingu skilið. Hann er ekki einn um þá skoðun enda hlýtur Sedentiana afar þunga refsingu þegar Sigurður nauðgar henni þrisvar til að kenna henni lítillæti (202–215). Eftir að hafa misnotað hana í líki svínahirðis og ófrýnilegs dvergs kemur Sigurður í líki jötuns og segir við Sendentiönu: „Macliga liggr þu nu Seden(tiana). huar er nu dramb þitt. e(dur) mikilæti“ (208) en þar með hefur hún hlotið makleg málagjöld í heimi sögunnar. Þó svo að fólkskuleg hefnd Sigurðar sé liður í að kenna Sendentiönu lítillæti og skipa henni í hefðbundið hlutverk konunnar, líkt og fjallað verður um í kafla 5.2., snýst hún einnig um þær persónulegu svívirðingar sem bræður Sigurðar og hann sjálfur hafa þurft að þola af hendi Sendentiönu.

5.1. Ofbeldi af hendi meykónsins

Opinber ástæða þess að Sigurður fer til meykónsins er ekki til að bera upp bónorð, líkt og jafnan í meykóngasögum, heldur til þess að hefna bræðra sinna, en hann segir: „til Fracklandz uil eg at uer fõrum [...] med allann uarn herr og uer kunnum ath faa. og launum Sedentianv d(ottur) Flores kongs er situr j Treuerisborg alla þaa vansæmd skóm og suiuirdinng er hun gerðe og let gera“ (180-181). Þarna vísar Sigurður í meðferð meykónsins á bræðrum hans eftir að þeir báðu um hönd Sedentiönu handa Hálfadáni. Líkt og fram kom í tilvitnun hér að framan reiðist meykóngurinn bónorði þeirra bræðra og segir Hálfán til dæmis síðri kost en þræl, ekki einu sinni hæfan sem skósvein. Sedentiana lætur ekki þar við sitja og eys yfir þá svívirðingum:

þycki mer þat mest vnndur og odæme at hann skammazt sijn eigi sjalfur e(dur) þu [Vilhjálmur] fyrir hanns hönd. er hinir tignuztu konga synir hafa minn beðit wr suduralfu heimsins. og kunne vor tijgn þeim þo at neita. og uist skreid þesse inn leide loddare ofsnemma heiman fra kirnv askinum og hniam modur sinnar til þess at gabba sialfan sik sem fol e(dur) fantur. og uist skal sjaa hinn sæmdarlausu suikari sokt hafa þat erende til wor at hann og þu fysizt eigi optar slicra mala at leita e(dur) vorn funnd at sækia med slic erende. (126)

Líkt og fram kom í kafla 3.3. voru móðganir sem þessar litnar afar alvarlegum augum. Ummæli Sedentiönu beinast hvort tveggja að því að staðsetja Hálfán meðal neðri stétta, þar sem hún tekur þræla fram yfir hann, og einnig að draga úr karlmennsku hans. Það gerir hún til dæmis með því að líkja honum við kolbít sem yfirgaf móður sína og heimilið of snemma. Ef kenning Clovers, um að flokkun fólks í valdamikla/valdalausum hafi haft mótandi áhrif á sjálfsmynd fólks, er höfð í huga má ætla að ásakanir um skort á karlmennsku og lága samfélagsstöðu séu af svipuðum meiði. Clover vill meina að karlmennska og vald hafi verið nátengd í huga fólks og því hafi ótti við skort á karlmennsku ekki síður verið ótti við vanmátt eða valdleysi.⁹³

Eftir þessar ásakanir og andlegt ofbeldi gengur Sedentiana mun lengra og særir bræðurna líkamlega á afar sadískan máta:

Hvnn kallade þa aa riddara sinna og bad þaa skiott þar koma. og sem þeir komu bad hun honndla þaa bada og binnda sem ræningia e(dur) suicara. og hier eptir uoru þeir bunndner stercliga. komu þeir engri vorn uid. þui þeir uoru uopnlausar enn margir vm einn. ep<t>ir þat tok hun sóx og harknif og clypti af þeim harit badum bræðrum og gerde þeim koll og rakade eptir og bar j tioru. eptir þat let hun kalla þræla .uiij. at þeir kæmi þar med suipum og suerdum. og er þeir kuomu bad hunn hudstrykia þaa brædur suo at af þeim gengi hudin og suo gerdu þeir. og sem þeirra bac uar allt blodugt og

⁹³ Clover 1993: 77

þrælarnar toku at mædazt af erfide þa let hun taka suerd og let rijsta uglu aa bake þeim med suerdsoddunum. Her eptir let hun bera aa sier glædur. og let aa setia eina munnlaug. en er hun uar heit sem glod þaa let hun setia hana á kuidinn badum þeim bræðrum. og var Half(dan) miog brenndur til órkuþla. enn Vilh(ialmur) þo miog. (126–127)

Áhugavert er að Sedentiana skuli láta rista uglu á bak þeirra bræðra því í nútímanum er uglutákn jafnan tengt visku. Þórdís Edda Jóhannesdóttir veltir fyrir sér táknrænni merkingu uglunnar í B.A.-ritgerð sinni um *Sigurðar sögu þøgla* og bendir á að á miðöldum hafi uglan verið algengt tákn fyrir mannlega bresti, heimsku og saurlifnað, svo eitthvað sé nefnt, sem skýrir hugsanlega hvers vegna Sedentiana velur táknið til að rista á bak bræðranna.⁹⁴ Uglutáknið, brennimerkingin og önnur afskræming á líkómum bræðranna beinist að því að staðsetja bræðurna meðal lægri stétta rétt eins og andlega ofbeldið. Hár var til að mynda afar merkingabært á miðöldum en mikið hár var aðalsmerki riddara á meðan lægri stéttum og þrælum bar að hafa stutt hár.⁹⁵ Þá voru brennimerktir líkamar til merkis um lága þjóðfélagsstöðu og gjarnan tengdir þrældómi.⁹⁶ Eftir að Sedentiana hefur rakað af bræðrunum hárið, borið á þá tjöru og afskræmt líkama þeirra líta þeir því út eins og þrælur eða jafnvel tröll fremur en manneskjur. Þar með hafa þeir misst alla reisu og geta vart látið sjá sig meðal hinna hárprúðu riddara.⁹⁷

Hinar sadísku pyntingar beinast einnig að því að draga karlmennsku bræðranna í efa. Henric Bagerius heldur því til að mynda fram að þegar hár sé rakað af riddara fylgi athöfninni kynferðisleg niðurlæging og að með því sé dregið úr karlmennsku riddarans.⁹⁸ Þannig má greina kynferðislegan undirtón í pyntingarsenunni og orðanotkun um vopn og vopnleysi verður áhugaverð í því ljósi.

Sverðið, og önnur vopn, er sterkt karlmennskutákn og augljóst reðurtafn. Sérstaklega er tekið fram að bræðurnir hafi verið vopnlausir en það má túlka sem táknræna geldingu: þeir hafa þar með misst mikilvægt karlmennskutákn. Sedentiana fer aftur á móti með vopn og særir, eða lætur særa, líkama bræðranna með hníf og sverðsoddum, en þannig er hinum hefðbundnu kynhlutverkum snúið á hvolf.

⁹⁴ Sbr. Þórdísi Eddu Jóhannesdóttur 2008: 25–26. Um táknræna merkingu uglunnar á miðöldum, sjá einnig Salisbury 2011: 133

⁹⁵ Sbr. Bagerius 2009: 169–170

⁹⁶ Sbr. Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 117–118

⁹⁷ Sbr. Bagerius 2009: 174

⁹⁸ Sjá Bagerius 2009: 170

Bagerius fjallar um sambærilega senu í Helga þætti *Hrólf's sögu kraka* þar sem skjaldmeyin Ólöf stingur Helga svefnþorni og rakar hárið af höfði hans. Senuna túlkar Bagerius sem táknræna geldingu, annars vegar vegna hármíssisins og táknrænni merkingu hans, en hins vegar þar sem svefnþorninum, sem Bagerius túlkar sem reðurtákn, er stungið í hold Helga.⁹⁹ Sedentiana er þó mun sadískari en Ólöf, hún ber enga virðingu fyrir bræðrunum og valdahlutföllin eru ljós: bræðurnir hafa misst sína samfélagslegu stöðu, þeir eru kvengerðir og orðnir að þrælum sem Sedentiana drottnar yfir. Líkt og fram kom hér að framan gátu karlmenn misst karlmannlega eiginleika en þar með stóðu þeir jafnfætis konunni. Clover hefur bent á að senur þar sem karlmaður er svívirtur af konu séu algengar í norrænum miðaldabókmenntum en hún heldur fram að í slíkum tilvikum endi karlmaðurinn jafnvel enn neðar í þjóðfélagsstöðu:

Fyrst karlmenn gátu ekki aðeins glatað karlmennsku, heldur konur einnig áunnið sér hana, átti hinn norræni maður í tvöfaldri hættu á að glata karlmenskunni. Sá sem af einhverjum ástæðum varð að konu í félagslegum skilningi stóð ekki jafnfætis konum, heldur fyrir neðan þær, og sá möguleiki sem ávallt var til staðar gæti einmitt verið ástæðan fyrir því að hin norræna karlmennska hafi jafn örvæntingarfullt yfirbragð.¹⁰⁰

Karlmaður getur þannig staðið neðar konunni í samfélaginu, eitthvað sem konunni er ómögulegt, en það skýrir enn betur hversu niðurlægjandi raunir bræðranna eru. Á sama tíma upphefur ofbeldið þó gerandann, Sedentiönu, enn frekar.

Valdaójöfnuðurinn er vissulega ýktur í ofbeldissenunni en hann endurspeglar þó raunverulega stöðu Sedentiönu gagnvart bræðrunum, og þá sérstaklega Hálfadáni. Mikið misræmi er milli þjóðfélagsstöðu Sedentiönu og Hálfáðanar og þótt biðillinn geri sér ekki grein fyrir því sjálfur er hann alls ekki samboðinn meykónginum. Í kynningu á persónu Hálfáðanar kemur til að mynda strax fram að hann er ekki fullkomin hetja: „Halfdan hinn ellzt<i> brodir þeirra var mikill ofbelldismadur og þotti honum nær einginn sinn jafningi finnast mega. war hann j ordum akafur og wuitur“ (98-99). Þegar hann lætur svo í ljós áhuga sinn á að giftast Sedentiönu vara bæði Vilhjálmur og Lúdvíkus, faðir þeirra, hann við og segja honum hreint út að hann sé ekki samboðinn Sedentiönu. Vilhjálmur segir við hann:

⁹⁹ Sjá Bagerius 2009: 168–170

¹⁰⁰ Mín þýðing „Not only loseable by men, but achievable by women, masculinity was in a kind of double jeopardy for the Norse man. He who for whatever reason became a social woman stood, to put it crudely, to find himself not just side by side with woman, but under her, and again, it may be just that ever-present possibility that gives Norse maleness its desperate edge.“ Clover 1993: 79

mikil undur þicke mier þat Half(dan) er þu kenner eigi sialfan þic þuiat þo ath þu sert uel at þer gior um jþrottir þaa hafa þeir menn uit hana þessa mals leitad er henne mun þu þickia litils verdur hia þeim (121)

Vilhjálmur ráðleggur honum svo að ræða við föður þeirra en Lúdóvíkusi list afar illa á áform sona sinna og segir:

Wndarlig er yckr fyrirætlan. og vndra eg fyrir suo uitran mann sem þu ert Wilh(ialmur) er þu kant eigi siaa fyrir þijnnum hlut þo at Half(dan) brodir þinn se suo ovitur at hann kunne eigi fyrir sier at siaa e(dur) huat honum hæfir. nu mattu þat sky<n>ia at þessi ferd mun yckur til suiuirdingar (122)

Lúdóvíkus býðst þó til að leggja til hluta ríkis síns ef Hálfván fær Sedentiönu en tekur sérstaklega fram að það loforð haldist einungis ef hann fær meyjunnar (127).

Munurinn á Hálfváni og Sedentiönu liggur þar með ekki aðeins í ójöfnum vitsmunum því Hálfván er einungis valdalaus konungssonur sem á, a.m.k. enn sem komið er, ekkert landsvæði. Með því að giftast Sedentiönu fengi hann hins vegar allt ríki hennar og völd auk landsins sem faðir hans hefur lofað honum og er það meginástæða þess að hann biður hennar. Hálfván lætur hagsmunasjónarmið til að mynda í ljós í eftirfarandi ræðu:

fyrir Fracklande rædur ein frw er h(eitir) Sedentiana. hennar uil eg bidia mier til eginnar konu. slict þætti mier sæmdar rad og mier alluel heyra fyrir tijnar sakir. enn þær eru flestar konga dætur aa nordurlondum er mier þickir litill sæmdar auke j at faa. helldr heiðrhnecking (121)

Hér kemur fram að Hálfván telur það auka sæmd sína að eignast Sedentiönu.

Vilhjálmur leynir því heldur ekki fyrir meykónginum þegar hann ber upp bónorðið fyrir bróður sinn. Hann lofar Hálfváni í hástert og segir svo:

hann aa nu Holzetuland og Frissland. hann er kominn af dyrre slect sem þier munit heyrta hafa. og ef þesse rikdomur kæmi saman. þaa mætti hann skiott bera fordilld fyrir flesta konga aa nordurlavndu. sakir aagiætz kuonfangs. (125)

Rökin sem Vilhjálmur gefur fyrir því að Sedentiana ætti að játast Hálfváni skortir sem sagt alla rómantík og beinast einungis að hagsmunum Hálfvána.

Sif hefur bent á að staða sem þessi, þar sem misræmi er í þjóðfélagsstöðu konunnar og biðilsins, sé sameiginleg öllum meykóngasögnum. Hún setur það í samfélagslegt samhengi og telur þessa texta birta samfélagslega togstreitu „hvað

varðar aðgengi biðla að sér samfélagslega æðri konum.¹⁰¹ Í meykóngasögnum yfirbuga biðlarnir ávallt voldugar og háttsettar konur sem eykur auðæfi þeirra og völd til muna. Þannig endurspeglar sögur sem þessar hugsanlega drauma miðaldamanna á Íslandi um að auka völd sín með því að leita sér kvonfangs úr hærri stétt. Þegar biðlunum aftur á móti mistekst og hljóta niðurlægjandi meðferð, líkt og Hálfmán, má greina ákveðinn samfélagslegan kvíða en það hefur Jóhanna meðal annars bent á:

Í atriðum sem þessum, þar sem konur drottna yfir og misþyrma aðalsmönnum—í þessu tilviki á biðilsbuxunum—sem hafa berskjaldað sig fyrir konunni og samfélaginu, og jafnvel látið tilfinningar sínar í ljós, virðist kvíði varðandi sambærilegar aðstæður í raunveruleikanum koma upp á yfirborðið, en það bendir til aukinnar tilfinningalegrar einlægni, sem birtist í riddarasögum.¹⁰²

Þótt menn hafi látið sig dreyma um að hljóta hærri stöðu í þjóðfélaginu með því að eignast sér háttsettari konu má gera sér í hugarlund að tilhugsunin um að standa berskjaldaður og bera upp bónorðið hafi verið afar kvíðvænleg. Jóhanna bendir einnig á að eftir því sem leið á 14. öldina varð sífellt erfiðara fyrir unga menn að komast upp í hina aristókratísku efri stétt og að nánast útilokað hafi verið fyrir fólk af mismunandi stéttum að giftast.¹⁰³ Sú staðreynd varpar jafnvel enn skýrara ljósi á það hvernig samfélagslegur kvíði birtist í textanum. Ungir menn, með þann draum að vinna sig upp í hina aristókratísku stétt, hafa eflaust getað samsamað sig biðlum sem verða fyrir höfnun í textum sem þessum.

Höfnunin hefur ekki aðeins í för með sér persónuleg vonbrigði fyrir biðilinn heldur fylgir henni samfélagsleg skömm. Í tilviki bræðranna verður niðurlægingin afar ýkt vegna ofbeldisins sem þeir eru beittir og í textanum er ítrekað bent á smánina sem fylgir för þeirra. Smánin kemur til að mynda fram í skilnaðarorðum Sedentiönu: „[...] Far nu heim Hálfmán” s(egir) hun “hrèdr og hleginn smadur og spottaður. hractur og hudstrokinn og hefir Wilh(ialmur) þijn golldit er hann fylgdi þier j þessa ferd”“ (128). Bræðurnir taka sjálfir undir orð Sedentiönu og Vilhjálmur talar um „skemmd“ sem þeir hafi orðið fyrir og segir jafnframt: „ef þu hefdir eckj fleirum monnum þuilica skòm gert enn ockur brædrum þaa være betri bane hreinnligur. enn

¹⁰¹ Sbr. Sif Ríkharðsdóttur 2010: 425

¹⁰² Mín þýðing „These scenes of women dominating and abusing aristocratic men—here in a wooing situation—where they have risked appearing vulnerable to the woman and the community, and even exposed themselves emotionally, seem to induce anxieties concerning corresponding situations in reality, the implications of a new kind of emotional openness, modeled on courtly literature.“ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 119

¹⁰³ Sjá Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 119

pola þessa skom hefndarlaust“ (128). Skömmin er svo mikil að nánast hefði verið betra að deyja en lifa með henni. Það er þó huggun harmi gegn að bræðurnir eru hvorki fyrstu né einu fórnarlömb Sedentiönu.

Í ljósi þess að ofbeldið sem Sedentiana beitir bræðurna beinist að því að lækka þá í samfélagsstöðu er afar mikilvægt fyrir bræðurna að það spyrjist ekki út. Um leið og þeir yfirgefa ríki Sedentiönu finna þeir lækna til að græða sárin:

kalla þeir brædur til sijn tuo læknaer þeir trudu bezt og lietu þaa trulofa sier at þeir segdi engum manni fra sijnum meizlum og þeirre hinne skædu skömm er þeir hófdu j kast(alanum) fengit af meðferð drott(ingar) Sed(entianu). (129–130)

Áherslan er hér á að læknum sé treystandi fyrir leyndarmálinu. Óttinn við að atburðirnir fréttist kemur jafnframt í ljós þegar bræðurnir ræða saman um pyntingarnar en átta sig svo á að maður nokkur hefur heyrt samtal þeirra.

Nu m(ælti) Vilh(ialmur) “suo lijzt mier sem nu hefdi betra verit at tala eigi suo mart. þuiat þesse sköm maa nu flytiazt og uijdfregazt sem nu gerdir þu yfrid liosa fyrir þessum riddara”. (133)

Riddaranum er þó treystandi því hann reynist vera Sigurður bróðir þeirra.

Jóhanna bendir á að kvíðinn og óttinn við að niðurlægingin verði opinber sýni að gjörðum meykónsins fylgi ákveðið vald.¹⁰⁴ Jafnvel þegar Sedentiana hefur sleppt bræðrunum hefur hún vald yfir þeim þar sem þeir eru hræddir um að hún ljóstri upp um meðferðina sem þeir þurftu að sæta hjá henni. Undir lok sögunnar, þegar Hálfán og Vilhjálmur eru ásamt Sigurði og hans mönnum í veislu hjá Sedentiönu, lætur hún svo setja upp leikþátt þar sem hermt er eftir raunum þeirra:

þaa gerdz vndarligur hlutur. komu j hollina þrælar .uiij. og baru j mille sijn tuær liceskiur. þær uoru clæddar og miog hagliga smijdadar. Aullum monnum synnduzt þeir miog lijcir þeim brædrum Vilh(ialmi) og Half(dani). þrælarnir flettu af þeim clædum. toku sijdan suipur og bõrdu þaa suo ath blod synndiz fliota um þa. og þar næst uoru tekinn saux og harknijfur. clypt og rakat af þeim har allt. þaa war tekit suerd og ristin ugla aa bake þeim likneskium. ep<tir> þat war tekinn munlaug og sett aa glædr og þaa aa kuið likneskium þessum og her jafnfram bræctu þrælarnir sem þeir uære med þessv þijndir. uid þessa syn braa þeim brædrum miog uid og unndirstodu at þetta war gert til smanar uid þaa og lituerptuzt miog. (238)

Með þessu er skömm bræðranna loksins orðin opinber og skiljanlegt að þeim sé ekki rótt.

¹⁰⁴ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 118

Áður en leikþátturinn er settur á svið ákveður Sigurður þó að herja á ríki Sedentiönu til að hefna bræðra sinna. Sedentiana sér áform hans fyrir og ávarpar þegna sína:

yður mun nu uitanligt uera at þeir S(igurdur) og fostbrædur hans eru hier komnir. og settar sijnar herbudir sem næst Treuerisborg og ueit eg ath hier med ætla þeir at safna unndir sig og spanna unndir sig allt uort ríki med hernade. og mjinka suo minn heidur og mekt er verolldin hefir mier gefit. villde eg ef minn uile genge fram at þeir fostbrædur fengi <eigi> betri reisu hijngat í uor enn þeir brædur Vilh(ialmur) og Half(dan). (183-184)

Ósk hennar um að reisa Sigurðar verði slæm gengur að vissu leyti eftir því í kjölfar mikils bardaga eru Sigurður og fóstbrædur hans yfirbugaðir og teknir höndum. Meðferðin á þeim einkennist ekki af sama sadisma og sú sem Hálfván og Vilhjálmur þurftu að þola en er samt sem áður niðurlægjandi. Þeir eru fjötraðir og fram kemur að þeir séu „flettir aullum clædum utan lijnbrokum“ (186). Þar á eftir eru þeir settir í myrka dýflissu, fulla af eitruðum kvikindum og þar mega þeir svelta til bana (190–191). Félagarnir ná þó að flýja úr prísundinni en Sigurður er afar móðgaður og er „hueria nott aa lande einn saman hugsannde um hit sama efne hueria smaann og hrakning hann hefir fengit af Seden(tianu) drot(ningu) og hans fostbrædur“ (190).

Þegar hér er komið sögu hefur meykóngurinn ekki aðeins niðurlægt Hálfván og Vilhjálmm heldur einnig hina merku hetju Sigurð þögla. Hrakningar Sigurðar eru auk þess opinberar, ólíkt hrakningum bræðranna, og fleirum en honum þykir skömm af för hans til Treuerisborgar. Þar á meðal er dvergur sem segir við Sigurð:

Mætti þer sæmra ath hefna fyrst þeirrar suijuirðingar. er Se(dentiana) gerdi þer og þijnum fostbrædrum. er slijct enn meiri apturferd agiætum kongs sonum. og slijkir garpar sem þer þickizt vera og allt vnnit geta með ydare aakefd ath þier skulit eigi geta yfir unnith einn lijttinn meykong (190)

Dvergurinn hvetur Sigurð til að hefna sín. Hann gerir lítið úr meykónginum og gefur í skyn að sem karlmaður ætti Sigurður auðveldlega að geta yfirbugað meykónginn. Í orðum dvergsins kemur þar með fram það viðhorf, sem áður var minnst á í sambandi við svívirðingar bræðranna, að enn meiri skömm felist í því fyrir karlmann að vera yfirbugaður af konu.

Í sögunni er hegðun Sedentiönu fordæmd og ofbeldið sem hún beitir er tengt ofdrambi hennar og hroka. Hún nýtir visku sína og kænsku sér í hag og beitir ofbeldinu til þess að verjast biðlum og þar með til að halda stöðu sinni og völdum. Samtímis ógnar hún feðraveldinu en þar af leiðandi er hegðun hennar ólíðandi og Sigurður neyðist til að hefna sín og refsa meykónginum.

5.2. Refsing meykónsins

Sif bendir á að kvenpersónur meykóngasagna séu almennt beittar ofbeldi, og þá gjarnan kynferðislegu ofbeldi, en hún telur það gegna tvíþættu hlutverki. Annars vegar sé konunni refsað fyrir að niðurlægja biðil en hins vegar beinist ofbeldið að því að staðsetja hana í hefðbundnu hlutverki konunnar og á hvort tveggja við um örlög Sendentiönu.¹⁰⁵

Eins og dvergurinn bendir á sæmir það ekki Sigurði að láta svívirðinganna óhefnt og Sigurður ákveður því að fara aftur á fund meykónsins. Í þetta skiptið beitir hann ýmsum brögðum til að yfirbuga Sendentiönu en áður nefndur dvergur hjálpar honum til að mynda að ná af henni töfrasteininum sem kemur upp um dulargervi manna. Sigurður á sjálfur öflugta töfragripi sem reynast honum vel. Þar má nefna gler sem breytir ásjónu hans og gerir honum kleyft að dulbúast fyrir meykóninginum sem konungssonur af „Afríkaríki“ að nafni Amas (196–198). Annar nytsamlegur gripur er gull en „hver sú kona, sem leit í þann undarlega gimstein, sem í stóð gullinu, varð svo sigruð og heit af beiskum bruna mikillar elsku, að hún þóttist eigi lifa mega, utan hún fengi hans leynilega ást síns líkama með þeim, sem gullið bar“ (198). Við komuna til Treverisborgar er Sigurði, eða Amas, vel tekið og honum er boðið að dvelja þar. Mikil áhersla er lögð á hversu ófríður Amas er og menn Sendentiönu telja það sönnun þess að hann hafi ekkert kynferðislegt í huga:

hennar sendimenn s(egia) hennj at þessi ríki herra uar hardla olystiligur at ljta með suartre asionu og storskornum líkama. þuij matti hun eigi hafna hollgroinne vndirhyggiu og prettum. (196)

Sögumaður dregur þá kenningu þó strax í efa: „kann nu og at uera at nu mættj ueralldlig uizka aunnur annare j gegn og kome krokur motj kroc“ (196). Áður hefur verið gefið í skyn hvernig Sigurður hyggst leika á Sendentiönu, t.d. með lýsingunni á gullinu sem vekur losta hjá konum, en þarna er því aftur gert skóna að meykóngurinn eigi eitthvað illt í vændum. Sendentiana er sjálf ekki sannfærð um góðan ásetning Amas og ákveður að dyljast fyrir fóstbræðrunum:

þar med hugsar hun ath hun skal sitia j sijnum nyia kasta(la). og siaa hinn suartj skal hana eckj augum lita ath skemta sijnum augum med þo ath þau bæde uærtj þar j borginne. (196)

¹⁰⁵ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 422

Eftir að hafa dvalið heilan vetur í Treverisborg býr Amas sig undir brottför en gerir þó eina tilraun í viðbót til að berja Sendentiönu augum. Hann heldur afar hæversklegra ræðu fyrir utan herbergi hennar og lætur m.a. í ljós vonbrigði sín yfir að hafa ekki fengið að sjá hina fögru drottningu. Svo fer að Sredientiana lítur út um gluggann, raunar ekki til að þóknast Amas heldur „fyrir þui ath frunne uar forvitne aa at siaa þaa liotu asionu sem henne war mikit af sagt“ (203). Þá hefur Amas hins vegar tekið fram hið áhrifamikla gull sem gerir hvern þann sem sér það vitstola af „ástarbruna“:

wit þessa syn bra henne suo miog at hun ogladdizt ottadizt og angradizt og suo unndarligur girndar gneisti flaug um hennar briost og hiarta suo ott og akaft að hun kenndi sig eigi lifva mega jnnan litils tijma ef hun misti elsku og astar þessa hins kurteisa riddara er suo vndarlíga fagur og fridr uar umfram alla iardneska skepnu þaa sem hun hafdi sed. (199–200)

Með þessum álögum nær Sigurður að lokka Sendentiönu út úr kastalanum, hinu verndaða umhverfi, og út í óbyggðir þar sem hann nauðgar henni þrjár nætur í röð.

Hér að framan var bent á líkindi *Sigurðar sögu þøgla* og Helga þátts *Hrólfs sögu kraka*, en meðferð kvenpersónanna, Sendentiönu og Ólafar, á biðlum sínum er afar sambærileg. Í ljósi þeirra tengsla er áhugavert að þeim er refsað á mjög svipaðan máta. Helgi laðar Ólöfu út í skóg með fé en þegar hún er komin þangað tekur hann hana höndum og leiðir út í skip sitt þar sem hann nauðgar henni svo hún verður ólétt.¹⁰⁶ Jóhanna bendir á að í meykóngasögum verði fégræðgi meykóngunum oft að falli, líkt og í tilviki Ólafar, og setur það í kristilegt samhengi, þar sem græðgi er ein af dauðasyndunum sjö. Ásókn kvenna í fjármuni, sem Jóhanna bendir jafnframt á að sé mikilvæg forsenda valds, er þar með sýnd í neikvæðu ljósi þegar kvenpersónurnar eiga í hlut en það auðveldar lesandanum eða áheyrandanum að dæma konuna sem illa og syndsamlega.¹⁰⁷ Þetta á ekki við í tilviki Sendentiönu þar sem hún er einfaldlega svo rík, og þar með sjálfstæð, að hún ginnist ekki af fégjöfum. Það sem verður henni að falli er önnur dauðasynd, lostinn eða „ástarbruninn“. Ef græðgin hefur þjónað þeim tilgangi að draga upp neikvæða mynd af meykónginum sem syndsamlegri, vondri konu má ætla að lostinn gegni sambærilegu hlutverki í *Sigurðar sögu þøgla*.

Samúðin er a.m.k. ekki hjá Sendentiönu, sem er misnotuð kynferðislega og niðurlægð, heldur hafa nauðgunarsenurnar afar létt yfirbragð og eiga eflaust að vekja kátínu. Eftir að meykóngurinn hefur verið lokkaður undir álögum frá sínu verndaða

¹⁰⁶ *Hrólfs saga kraka* 1960: 20–22

¹⁰⁷ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 112

umhverfi og út í óbyggðir skellur á ofsaveður. Illa klædd og umkomulaus mætir Sedentiana svínahirðinum, biður hann um hjálp og býðst til að borga honum vel fyrir aðstoðina. Svínahirðirinn vill þó ekki fé heldur aðeins hana sjálfa. Í fyrstu móðgast Sedentiana og skipar honum að fara burt en svo ákveður hún að fallast á þetta fremur en að deyja:

“<a> þat uil eg helldr hætta huart eg get uarit mig fyrir lytum fyrir þier enn missa lijfit at sinnie”. Og hier eptir legzt hann nidr hia henne og gerir hennar lijkama heitan og rettann. og sijdann tok hann hana med afle og undradizt hun þat miog huersu hans lijkame uar glediligr uidkuomu og suo huersu sterkliga at hun uar nu hondlud. (203)

Áherslan á nautn Sedentiönu er afar athyglisverð. Lesandanum er talin trú um að þrátt fyrir að vera neydd til samfara njóti Sedentiana athafnarinnar og hið sama er uppi á teningnum í seinni tvö skiptin. Um samneyti hennar og dvergsins segir:

tekur hann þegar til hennar med miklu afle suo at hun matti enngva motstödu ueita. og hann med henne alla skemtan heuir. Enn þath undrazt hun mest at henni kenndizt hann mannligur madur og naturuligur j öllum þeirra uidskiptum. (206)

Ekki er að sjá að Sedentiana þjáist meðan á kynferðisofbeldinu stendur. Aðstæðurnar virðast bara ágætast og meira að segja jötuninn er ekki jafn slæmur og hann lítur út fyrir að vera:

eigi þottj hennj hann suo hrædiligur uidkomu sem hann uar jllr ath siaa og nu eigi stærre enn menzkur madur og war hann j silkeskyrtu. og skickar hann nu hennar fögrum lijkama sem honum lijkar. (209)

Í aðdraganda nauðgananna og einnig á milli þeirra kemur vanlíðan og þjáning Sedentiönu aftur á móti skýrt fram, líkt og nánar verður fjallað um, en rétt á meðan á nauðgununum stendur virðist hún njóta þeirra.

Samkvæmt Karras er fremur sjaldgæft að fjallað sé um ánægju kvenna af kynlífi í rómönsum eða miðaldabókmenntum yfirhöfuð. Fábyljurnar (f. *fabliaux*) eru þó undantekning á því en í þeim njóta konur kynlífs. Bókmenntagreinin einkennist aftur á móti af kvenfyrirlitningu og þar sem sögurnar fjalla flestar um kynlíf utan hjónabands, sem var ekki samfélagslega samþykkt, telur Karras umfjöllunina um nautn kvenna aðallega gegna því hlutverki að gera þær samsekar í verknaðinum.¹⁰⁸

¹⁰⁸ Karras 2002: 285

Sama má segja um frásögnina af nauðgununum sem Sedentiana verður fyrir. Gamansamur tónn einkennir lýsingarnar og ánægja meykónsins gegnir því hlutverki að draga úr alvarleika kynferðisofbeldisins og sýna fram á samsekt hins lostafulla meykóns. Sú staðreynd að Sedentiana verður ólétt í kjölfarið er einnig áhugaverð í þessu samhengi því, líkt og greint var frá í kafla 3.1., var sú kenning við lýði í Evrópu á miðöldum að fullnæging konunnar væri nauðsynleg til að getnaður ætti sér stað. Hafi þessi kenning einnig náð til íslensks samfélags ýtir þungun Sedentiönu undir að hún hafi notið nóttanna með Sigurði í dulargervi. Þar með verður lesandanum ekki jafn ljóst hvort um nauðgun er að ræða eða ekki.

Greinarmunurinn á samþykki í kynlífi og þvingun var nokkuð óljós á miðöldum eins og áður sagði. Karras setur það í samhengi við hvernig litið var á kynlíf, þ.e. sem athöfn sem gerandi framkvæmir á þolanda, og hún efast jafnvel um að samþykki hafi raunverulega þótt skipta miklu máli. Karlmennt af hærri stéttum höfðu greiðan aðgang að sér lægri konum í samfélaginu og svo virðist sem samþykki þeirra hafi ekki skipt höfuðmáli.¹⁰⁹

Valdamismunurinn sem Karras lýsir milli háttsettra karlanna og kvenna úr lægri stéttum kemur einnig fram í íslenskum miðaldabókmenntum en samkvæmt Aðalheiði Guðmundsdóttur má helst sjá dæmi þess í fornaldarsögum Norðurlanda.¹¹⁰ Hún heldur því fram að viðhorf til kvenna séu afar ólík í fornaldarsögum annars vegar og riddarasögum hins vegar. Þrátt fyrir að vera fangar feðra sinna eða eiginmanna er virðing borin fyrir kvenpersónum riddarasagnanna. Þær eru dáðar og eftirsóttar en erfitt er að fá hönd þeirra. Aðalheiður telur fornaldarsögurnar einkennast af mun meiri kvenfyrirlitningu en riddarasögurnar og rekur nokkur dæmi þar sem bændur bjóða gestum hreinlega að liggja hjá dætrum sínum.¹¹¹ Í sumum þeirra er þess getið að stúlkurnar hafi gaman af og í öðrum er það látið ósagt en hvort sem þær njóta nóttanna eður ei er ljóst að samþykki þeirra skiptir ekki mestu máli. Aðalheiður tekur fram að riddarasögurnar séu sprotnar úr öðrum menningarheimi en fornaldarsögur norðurlanda sem skýri hugsanlega að einhverju leyti hin ólíku viðhorf til kvenna. Hún telur þó stéttarmuninn vega þyngra og útskýra betur hin ólíku viðhorf til kvenna af efri og neðri stéttum.¹¹² Greining Aðalheiðar á ólíku viðhorfi til tiginna kvenna

¹⁰⁹ Sbr. Karras 2002: 286

¹¹⁰ Sbr. Aðalheiði Guðmundsdóttur 2010: 4

¹¹¹ Aðalheiður Guðmundsdóttir 2010: 5

¹¹² Sbr. Aðalheiði Guðmundsdóttur 2010: 6–7

riddarasagna og bóndadætra fornaldarsagnanna helst þar með í hendur við umfjöllun Karras um stéttbundna misnotkun á miðöldum. Konur úr lágstétt gátu átt von á því að valdamiklir karlmenn neyddu þær til samræðis, líkt og í fornaldarsögnum.

Hefðarkonur virðast hins vegar ekki hafa búið við þann ömurlega veruleika og því verða kvenpersónur riddarasagnanna sjaldnast fyrir slíku ofbeldi.

Sigurðar saga þøgla, og raunar fleiri meykóngasagnanna, er athyglisverð undantekning þar sem hinum tigna og volduga meykóngi er nauðgað. Áður hefur verið rætt um hvernig frásagnareinkennum fornaldarsagna og riddarasagna er blandað saman í verkinu, en það skýrir hugsanlega hvers vegna tigin kona verður fyrir kynferðisofbeldi. Þvingun til samfara, sem oft kemur fyrir í fornaldarsögnum, gæti þannig hafa ratað inn í söguheim riddarasagna.

Hin stéttbundna misnotkun sem jafnan birtist í fornaldarsögnum kemur þó fram í atburðarrás *Sigurðar sögu þøgla* því áður en Sendentiönu er nauðgað er hún gerð ansi fátækleg. Bæði er henni kippt út úr sínu hefðbundna umhverfi, þ.e. hinni öruggu höll, og jafnframt er hún svipt sínum konunglegu klæðum. Hún er lokkuð út í óbyggðir og fram kemur að hún sé einungis í náttserk og silkihjúp yfir honum (205). Klæðaleysið gegnir ef til vill kynferðislegu hlutverki en það gerir Sendentiönu líka bæði berskjaldaða og fátæklega. Það kemur bersýnilega í ljós þegar svínahirðirinn sér hana og spyr: „Huart er þetta madur e(dur) er þetta skynlaus skepna. su er mier megi anndsuòr ueita“ (206). Sendentiana er nánast óþekktanleg og þarf sjálf að svara því til að hún sé að vísu kvenmaður og alls ekki fátæk. Hún verður sífellt tötralegri og eftir að hafa reikað um óbyggðir í tvo sólarhringa og verið nauðgað tvær nætur í röð er hún ansi illa útleikin líkt og jötuninn bendir á: „Macliga liggr þu nu Seden(tiana). huar er nu dramb þitt. e(dur) mikilæti. huar finnt sw ambatt j ollu Fracklande ath nu se herfiligar stódd enn þu“ (213). Þegar hér er komið sögu hefur silkiklæðið rifnað af Sendentiönu og hún hefur einnig misst skóna sína svo hún líkist heldur ambátt, lægstu stöðu samfélagsins, en voldugum meykóngi. Sú staðreynd að Sendentiana sé staðsett meðal lægstu stétta samfélagsins meðan á nauðgununum stendur er áhugaverð í ljósi þess hvert viðhorfið til háttsettra kvenna og alþýðukvenna var. Að þvinga tignar konur til samræðis var ekki samfélagslega samþykkt og gæti það að einhverju leyti skýrt hvers vegna Sendentiana er ekki beitt ofbeldi innan veggja hallarinnar, í fullum skróða. Ef til vill var nauðsynlegt að staðsetja Sendentiönu meðal lágstéttarinnar á þessum stað í sögunni áður en hún er beitt kynferðisofbeldinu. Nauðgunin sjálf smánar meykónginn svo enn frekar og í ljósi þess að kynferðisleg þvingun var tengd

alpýðukonum er hún liður í að draga Sedentiönu niður af stallinum og skerða vald hennar.

Hér að framan var minnst á að frásögnin af nauðgununum væri nokkuð gamansöm en ljóst er að ofbeldið hefur mikil og niðurlægjandi áhrif á Sedentiönu. Hún er sögð njóta nauðgananna á meðan á þeim stendur en í aðdraganda þeirra og á milli þeirra er hún afar vansæl og örvæntingarfull. Þegar svínahirðirinn setur það skilyrði að fá að sofa hjá henni, eigi hann að bjarga henni, reiðist Sedentiana og segir: „Brott brutt suiþna hirðir [...] og tala eigi suo ohæuerskliga. þuiat þat uæri mier æfinlig sköm og uijst uære miklu betra lijfit að lata en siaa suiþuirding felli oss til handa“ (202–203). Daginn eftir harmar hún svo atburð næturinnar: „hugsande marga hluti um sællijue sitt og þesse vnnður er nu gerduzt j hennar rade <fyrir> huerium kynium og odæmum hun war ordinn og fystizt nu af sinne sköm ath faa fliotan dauda“ (205). Sambærilegar hugsanir sækja á hana eftir nóttina með dvergnum: „hun hafdi þar legit um hrijd kærandi sinn harm og hadung uolk og uandræde ærsl og ouizku. Og nu gerla fyrir siaannde sinn dapurligan dauda“ (207).

Harmur og háðung Sedentiönu liggja í skömminni og niðurlægingunni sem hún hlýtur í kjölfar nauðgunarinnar. Vanlíðanin felst sem sagt ekki í ofbeldinu sjálfu, þ.e. að hún hafi verið þvinguð til samfara, heldur í þeim samfélagslegu áhrifum sem nauðguninni fylgir. Eftir nóttina með svínahirðinum er lögð áhersla á að Sedentiana hafi misst meydóminn eða „jungfrurdominn“: „uar hun nu þuij rænt sem hun kunni all dri aptur at fa enn þat war hennar jungfrurdomur“ (203). Meydómurinn er Sedentiönu afar mikilvægur líkt og rætt var í 4.2. þar sem hann er forsenda valds hennar, en meydómurinn var þó jafnframt mikilvægur konum yfirhöfuð. Samkvæmt Karras var kynlíf utan hjónabands litið alvarlegum augum á miðöldum. Skömmin mikla sem Sedentiana finnur skýrist því hugsanlega af því að hún hefur misst meydóminn utan hjónabands. Sigurður þarf þó ekkert að skammast sín en í því endurspeglast hið tvöfalda siðgæði sem Karras talar um (og tengir sérstaklega við rómönsur). Hið sama gildir ekki um óskírlífi karla og kvenna, konan hlýtur af því mikla skömm,¹¹³ líkt og Sedentiana, en karlinn sleppur með skrekkinn, rétt eins og Sigurður þogli.

Hið tvöfalda siðgæði birtist jafnframt skýrt í fyrrnefndri veislu sem Sedentiana heldur fyrir Sigurð og hans menn. Eftir að Sedentiana hefur uppljóstrað um þá

¹¹³ Sbr. Karras 2002: 283

niðurlægingu sem hún olli bræðrum Sigurðar hefnist henni fyrir því svínahirðirinn, dvergurinn og jötuninn mæta til að opinbera skömm hennar. Orðræða þeirra sem og Sigurðar, sem skýtur inn í ýmsum athugasemdum, beinist að því að Sedentiana hafi gerst sek um ósiðlegt athæfi. Svínahirðirinn sem birtist fyrst ávarpar meykónginn með orðinu „skækja“ og eftir að hafa lýst því sem þeim fór í milli tekur Sigurður til máls og segir: „hyggit ath huersu órugg þessi mundi uerit hafa ef nockur nytur madur hefði leyniliga til hennar leitast er suo suijuirðligum sodfant leyfði sitt fadmlag“ (240). Eftir að hafa heyrt sögur dvergsins og jötunsins segir Sigurður svo:

“Siaa maa nu at drot(ning) þessi mun eigi þikiazta hafa herbergia skort nær sig at hun lagdi ath ser þenna jötunn og þat þicki mier truligt ath su megi eigi mey kallast er hann lagdi aa medal sinna beina”. (243)

Áherslan er öll á lauslæti Sedentiönu og hversu ósiðsamlega hún hefur hagað sér. Hún er kölluð „skækja“ af nauðgara sínum sem sjálfur getur hreykt sér af atvikinu.

Sekt Sedentiönu í eigin nauðgun skýrist einnig af því hvernig litið var á nauðganir á miðöldum. Fram hefur komið að þegar nauðgun konu var kærð var konan ekki aðal fórnarlambið í málinu heldur karlmaðurinn sem „átti“ hana, t.d. faðir eða eiginmaður. Skaðinn fólst þar með í spjöllum á eign karlmannsins en ekki því líkamlega og kynferðislega ofbeldi sem konan varð fyrir.¹¹⁴ Þetta viðhorf til nauðgana litar upplifun Sedentiönu því líkt og áður sagði felst vanlíðan hennar ekki í því að hafa verið þvinguð til samfara heldur því að hún sé á einhvern hátt „skemmd“ eftir kynlíf utan hjónabands. Jötuninn lýsir stöðu Sedentiönu einmitt á þessa leið þegar hann mætir henni:

þat [er] líkast ath nu latir þw líjfit og þo med mikille skóm. þuiat ef suo er sem ueralldlig kynfylgia s(egir) mier huat er þu hefir adur til líjfsins vnnit. og fyrir þuij ath orskemdinne er nu eckj hedan af vgeranda. þaa mun eg þat til uinna þo ath þier þicki eg eckj tilkippiligur at liggia hia þier. (208–209)

Hann telur það ekki breyta miklu fyrir hana þótt hann nauðgi henni því hún er nú þegar „skemmd“ og hefur hlotið mikla skömm hvort eð er.

Áherslan á mikilvægi skírlífis fyrir hjónaband, sem birtist þarna í *Sigurðar sögu þogla*, telur Jóhanna hafa borist til Íslands með riddarasagnahefðinni. Í riddarasögum er sú hugmynd miðlæg að heiður mannsins fari eftir hegðun konunnar

¹¹⁴ Sbr. Karras 2002: 288

en þar með verður kynlíf utan hjónabands áhyggjuefni í íslenskum bókmönnum. Samkvæmt Jóhönnu voru miklir breytingartímar á Íslandi þegar meykóngasögurnar voru skrifaðar vegna nýrrar samfélagsgerðar eða þegar lénsskipulag (e. *feudal society*) tók við af þjóðveldistímanum (e. *commonwealth*). Á þjóðveldistímanum, eða fyrir 1262, þótti kynlíf utan hjónabands ekki neitt tiltökumál. Því til stuðnings bendir hún m.a. á að í Íslendingasögum sé slíkt athæfi ekki litið mjög alvarlegum augum.¹¹⁵

Hinar samfélagslegu breytingar endurspeglast ekki einungis í bókmenntunum heldur má jafnframt sjá merki þeirra í lögum. Ný erfðalög, sem tekin voru í gildi eftir innlimun Íslands í norska konungsveldið, fólu í sér frumburðarrétt og vegna þeirra þurftu feður að passa vel upp á að dætur þeirra væru skírlífar svo þær héldu gildi sínu. Eiginmenn þurftu líka að huga betur að því að konurnar væru þeim trúar svo öruggt væri að þeir væru feður afkvæma þeirra. Þar af leiðandi þurfti að innprenta hjá íslenskum konum skírlífshugsjónina. Jóhanna bendir einnig á að í lagabálknum, *Jónsbók*, frá 1281 sé að finna lög um nauðganir en þau sýna sambærilegt viðhorf og það sem Karras lýsir frá Evrópu. Í lögum er litið á líkama konunnar sem eign ættingja hennar. Bætur fyrir nauðgun beinast að ættingjum eða „eigendum“ hennar en gerandinn þarf annað hvort að borga þeim peninga eða giftast konunni.¹¹⁶

Í *Sigurðar sögu þogla* er enginn karlmaður sem ræður yfir Sendentiönu og fer fram á bætur en þó má sjá ákveðna tengingu við viðhorfið sem birtist í *Jónsbók*. Í fyrsta lagi líta svínahirðirinn, dvergurinn og jötuninn allir svo á að þeir hafi vald yfir Sendentiönu eftir að hafa sofið hjá henni. Svínahirðirinn segir til að mynda: „þat ueit eg at eg war þinn fyrsti mann. og þo ath þu hafir marga at þer lagt sijdan þaa aa ennginn fullt ualld aa þer utann eg“ (239–240). Jötuninn tekur í sama streng og segir: „Eg kickenzt eiga valld yfir þier og þijnum lijcam. sijdan eg lek medr hann alla mijna skemtan sem mig lysti“ (243). Þá gera þeir allir tilraun til að nema Sendentiönu á brott en veislugestir koma henni til hjálpar. Lögin úr *Jónsbók* segja ekki beinlínis að menn eigi rétt á að festa sér konu hafi þeir nauðgað henni. Aftur á móti má líta svo á að þau gefi gerandanum tækifæri á að ná valdi yfir konunni með því að nauðga þar sem viðurlögin við nauðgun geta falið í sér að giftast þolandanum. Þótt hvorki svínahirðirinn, dvergurinn né jötuninn eignist Sendentiönu endar hún á að giftast nauðgara sínum því allir voru þeir Sigurður í dulargervi.

¹¹⁵ Sjá nánar, Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 123–124

¹¹⁶ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 124

Aðdragandann að trúlofun þeirra er ekki síður áhugavert að skoða með nauðgunarlögin til hliðsjónar. Sedentiana reynir eftir fremsta megni að halda skírlífisbroti sínu og afkvæmi þeirra Sigurðar leyndu, því það er eina leið hennar til að halda áfram völdum. Eftir að skömmin er komin upp á yfirborðið neyðist hún til að afsala sér völdum og svo virðist sem eina leiðin til að uppræta skömmina sé að Sigurður gangist við syni sínum, Flóres, og giftist Sentiönu. Sedentiana tilkynnir að hún viti að Sigurður hafi raunverulega verið sá sem hún varði nóttunum þremur með en Sigurður er tregur til að játa það og viðurkenna að hann sé faðir Flóres. Flóres reynir að tala föður sinn til og Randver tekur undir með þessum orðum:

“Witur sueinn er þetta [...] og uist er hann helldr aagiæz mannz sonn enn þussa edur duerga og þat somir ydr herra at skaprauna eigi lengr suo agiætri drott(ningu) og uænni ath allri skapan. þuiat hun hefir þo þig ætlat at faa”. (246)

Á orðum Randvers má skilja að hið rétta í stöðunni fyrir Sigurð sé að giftast Sentiönu, hún eigi það inni hjá honum í ljósi undangenginna atburða, og Sedentiana virðist sömu skoðunar. Viðhorfið er því hið sama og í nauðgunarlögunum, Sigurði sæmir að bæta Sentiönu upp að hafa barnað hana með því að ganga að eiga hana. Það fer líka svo að Sigurður gengst við syni sínum og ber upp bónorð:

<P>A er S(igurdur) hafdi kennzt ath hann uar f(adir) Flores þaa geck hann at f(odur) sijnum og kysti hann med fadmlögum. Eptir þat bidur S(igurdur) Sed(entianu) taka up sijn tignarclæde og sijnna alla gleði. hun gerdi suo. Hefur S(igurdur) þaa upp bonord og bidur Sedentianu og fystu þess allir höfðingiar. (246)

Þar með fellur allt í ljúfa löð, Sedentiana endurheimtir reisu sína og „alla gleði“.

Þótt Sigurður sé tregur til að viðurkenna gjörðir sínar, bendir margt til þess að hann hafi lengi haft í hyggju að fá Sentiönu. Hann er alls ekki þvingaður til að biðja hennar og lesendur, sérstaklega þeir sem þekkja til fleiri meykóngasagna, eiga eflaust erfitt með að ímynda sér annað en að Sigurður hafi ætlað sér að „ná valdi yfir“ henni allan tímann. Þegar Lafranz greifi ráðleggur fóstursyni sínum að forðast Sentiönu segist Sigurður engan áhuga á henni hafa en bætir þó við að það væri mikill heiður að vinna hana:

Eingi hugur e(dur) foruitne er mier á ath skipta neinu uit hana.enn eigi veit eg ath eg mætti werr fara fyrir henne enn brædr minir. en ef uel tekzt þaa være þess meiri sigur j hana yfir ath uinna sem hunn hefir fleiri spottad adr og yfirunnit med sijnum brögðum og klokskap“. (160–161)

Kynferðisofbeldið sem hann beitir Sedentiönu er því vissulega refsing fyrir meðferð hennar á þeim bræðrum en það er jafnframt liður í að ná valdi á henni. Með því að yfirbuga Sedentiönu kynferðislega og gera hana barnshafandi, þvingar Sigurður meykónginn inn í sitt hefðbundna kynhlutverk, þ.e. móðurhlutverkið og síðar hlutverk eiginkonunnar.¹¹⁷ Samkvæmt Karras var kynferðisofbeldi útskýrt á þá leið að karlmenn hefðu ekki stjórn á kynhvöt sinni¹¹⁸ en það á alls ekki við í tilviki Sigurðar. Hann er fullkomlega meðvitaður um hvaða afleiðingar ofbeldið muni hafa fyrir Sedentiönu; hún mun hljóta mikla skömm sem aðeins verður yfirstigin með því að ganga í hjónaband með þeim sem þvingaði hana til samræðis, þ.e. Sigurði sjálfum. Þar með verður nauðgunin vopn Sigurðar til að yfirbuga Sedentiönu og hrifsa til sín völd hennar. Sedentiana missir völd sín þó ekki samstundis eftir nauðgunina heldur ríkir hún áfram í átta ár eins og Sif leggur áherslu á:

Í Sigurðar sögu þogla missir Sedentiana ekki völd sín fyrr en við giftingu, þó að Sigurður hafi rænt hana sjálfræði yfir eigin líkama og örlögum með því að geta við henni barn. Það líða þónokkur ár frá því að Sedentiana missir meydóminn fyrir tilstilli Sigurðar og þar til hann gengur að eiga hana. Í millitíðinni stjórnar Sedentiana ríki sínu áfram en sonur þeirra vex upp í leynd. Tilfærsla konungsvaldsins á sér stað við giftinguna sjálfa, eða um átta árum eftir nauðganirnar.¹¹⁹

Sif bendir réttilega á að valdatilfærslan frá Sedentiönu til Sigurðar eigi sér stað þegar þau ganga í hjónaband. Hins vegar er kynferðisofbeldið og það að skömm Sedentiönu sé opinberuð forsenda þess að hún missir völdin. „Heiðurhokning“ meykónsins gegnir því einnig stóru hlutverki í valdatilfærslunni enda finnur Sedentiana sig knúna til að gefa átta ára syni sínum stjórn yfir ríkinu þegar niðurlægning hennar verður öllum ljós:

Nu fyrir þui at þu munt reikna mig sem eina letlætis konu. þaa kann uera at eg styre þessu ríki eckj lengi. geri eg þat liost fyrir ollum höfðingium j landinu at Frackland og Pul gef eg mijnum syni Flores er nu er her fyrir ydur standande (245)

Sedentiana hefur þannig misst gildi sitt og er, jafnvel að eigin mati, ekki þess verð að fara með stjórn.

¹¹⁷ Sbr. Sif Ríkharðsdóttur 2010: 422–423

¹¹⁸ Karras 2002: 288

¹¹⁹ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 424

Jóhanna bendir á sambærileg atvik í öðrum meykóngasögum þar sem meykóngurinn er niðurlægður og missir völd sín í kjölfarið. Hún ályktar út frá þeim að meykóngasögurnar endurspegli hversu mikilvægur heiðurinn var konum. Ef kona missir heiður sinn, hvort sem hún hegðar sér ósiðsamlega af sjálfsdáðum eða er þvinguð til þess, líkt og Sedentiana, er hún einskis virði í samfélaginu.¹²⁰ Í samfélagi þar sem lítið er á konuna sem eign karlmannsins skiptir augljóslega miklu máli að innræta konum hegðun sem þjónar feðraveldinu. Í samtíma *Sigurðar sögu þøgla* höfðu konur hvorki mikið val um hvort þær gengu í hjónaband né með hverjum. Dætur voru afar dýrmætar feðrum sínum því með því að gifta þær mikilsmetnum mönnum gátu þeir styrkt pólitísk sambönd sín:

[Á] síðari hluta miðalda þegar goðaveldið, sem byggðist aðallega á félagslegum (e. *homosocial*) samböndum karlmannna, leið undir lok, varð hjónabandið árangursríkasta leiðin til að mynda pólitísk bandalög.¹²¹

Líkami konunnar varð þar með skiptimynt karlmannna til að styrkja sambönd sín á milli.

Örlög flestra kvenna í *Sigurðar sögu þøgla* endurspeglar vel þann veruleika. Sigurður fer í margar hættufarir til að bjarga kóngsdætrum og í hvert skipti óskar hann þess að „fá vald yfir“ eða „ráða yfir kostum“ kvennanna að launum. Í lok sögunnar hefur hann því vald á nógu mörgum konum til að gefa öllum sínum mönnum. Hann nýtir einnig systur sína í pólitískum tilgangi þegar hann vill sverjast í fóstbræðralag með Herburti:

Síðan hof S(igurður) suo sitt mál “Þat hefur eg uphaf þessa mals ath uit Herburt skulum felagar og fostbrædur upp fra þessum d(egi) og alla tíma sem uit seum eginligir brædur og her med uil eg gefa honum systur mijna Florncia er langt er fyrir allum ku<e>nnkostum aa Saxlandi. (217)

Þegar konunum er tilkynnt um ráðahaginn eru viðbrögð þeirra ávallt til fyrirmyndar. Ein þeirra, Luciana, svarar því til „at S(igurður) skyllde rada fyrir hennar kosti“ (229) og systir Sigurðar er einnig afar samvinnuþýð þegar Sigurður segir henni, „millum annara orða“ (232), að hann hafi lofað hana Herburti:

¹²⁰ Sbr. Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 124

¹²¹ Mín þýðing „[W]ith the erosion of the chieftain system, mostly built on homosocial bonds, marriage became the most important way of making political alliances in the late medieval period.“ Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 131

mærin suarar: “Medur þuij at suo hefir til hlutazt ath þu ert uor höfudsmaður ordinn bædi ath uite og atgerui. þaa mun þat ollum þijnum frændum horfa til ohamingiu *ath snua moti þijnum uilia og heilum radum. muntu þetta þuij mier hugat hafa at oss mun þat ollum til sæmdar snuazt og þuij mun eg sem adrir þijnum radum fylgia”. (232)

Hlutskipti þessara persóna er framandi nútímalesendum en virðist endurspegla hlutskipti kvenna í því samfélagi sem sagan er sprottin úr. Forsenda þess að feðraveldið héldi velli var að konur léku sitt hlutverk.¹²² Karlmenn þurftu þar af leiðandi að reiða sig á að konur hegðuðu sér á sambærilegan hátt og þær konur sem Sigurður fær „vald yfir“ í *Sigurðar sögu þögla*. Sedentiana gerir það hins vegar ekki, hún afneitar sínu hefðbundna hlutverk og tekur sér karllæga stöðu en þar með verður hún mikil ógn við feðraveldið.

Líkt og aðrar meykóngasögur, endar *Sigurðar saga þögla* með því að meykóngurinn missir völd sín og reglu er komið á með því að skipa meykóngnum í hefðbundið kvenhlutverk. Skilaboðin til kvenna eru því þau að þær eigi ekki að stíga út fyrir ramma kyngervis síns. Sedentiönu er refsað grimmilega fyrir að afneita kvenhlutverkinu og fær enga samúð. Hún á ofbeldið og niðurlægunguna einfaldlega skilið. Í ljósi boðskapar verksins má segja að sagan endi vel: reglu er komið á í söguheiminum. Karlmaðurinn hefur yfirbugað hina „hrokafullu“ konu, hrifsað til sín völd hennar og skipað henni í hlutverk auðmjúkrar eiginkonu.

¹²² Sbr. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir 2013: 132

6. Samantekt

Sigurðar saga þogla gefur góða innsýn inn í hvaða hugmyndir voru uppi um kynin í samtíma sögunnar og virðist auk þess endurspegla hver staða kynjanna var í samfélaginu. Í umfjölluninni hér að framan hefur sjónum aðallega verið beint að aðalpersónunum tveimur Sigurði og Sendentiönu en persónusköpun þeirra varpar ljósi á hvaða hugmyndir voru uppi um kynin og hvaða væntingar fólk hafði til þeirra. Áður en sagan var tekin til umfjöllunar var greint frá skrifum fræðimanna um hugmyndafræði miðalda, s.s. um kyn, kyngervi og líkamann, til að öðlast dýpri skilning á þeirri hugmyndafræði sem býr að baki verkinu.

Í kafla 3 var fjallað um kyngervi aðalpersónanna en kenning Clover um að á Íslandi á miðöldum hafi aðeins verið til eitt kyngervi og að einstaklingar væru heldur flokkaðir í máttuga og valdalaus virðist ekki eiga við um persónur *Sigurðar sögu þogla*. Í sögunni eru væntingar til kynjanna afar ólíkar og svo virðist sem um tvö ólík kyngervi sé að ræða fyrir konur og karla, öfugt við það sem Clover heldur fram. Clover gagnrýnir fræðimenn fyrir að gefa sér að kyngervi kvenna og karla hafi verið ólík þótt verkaskiptingin hafi verið skýr. Samkvæmt kenningu hennar mætti því ætla að Sendentiana tilheyri einfaldlega flokki hinna máttugu þegar hún stígur út fyrir sitt hefðbundna hlutverk og þannig mætti ef til vill skýra að hún haldi í kynferði sitt á sama tíma og hún hafnar félagslegu hlutverki sínu. Samkvæmt Clover ætti ekki að fylgja því nein togstreita þar sem hún heldur því fram að valdaflokkurinn hafi verið opin einstaklingum af hvoru kyni, þótt vissulega teldist óvenjulegra að kona tilheyri honum en karlmaður. Grundvallaratriði í þessari niðurstöðu Clovers er að hún álítur konum ávallt talið til tekna að taka sér karlægt hlutverk og fara með völd, en líkt og áður sagði nefnir hún aðeins Hallgerði langbrók sem undantekningu á því. Það á aftur á móti alls ekki við um hugmyndaheim *Sigurðar sögu þogla*, né annarra meykóngasagna. Óneitanlega má sjá vissa aðdáun á Sendentiönu sem ber af öðrum í flestum greinum en hæfileikar hennar leiða til ofdræms og hún er ítrekað sýnd í afar neikvæðu ljósi. Hrokinn eykst með tímanum og leiðir til fólkskulegra verka í garð þeirra sem fara ekki að vilja hennar. Jóhanna bendir á að í mörgum íslenskum miðaldatextum sé viska kvenna lofuð en segir meykóngana nýta visku sína á þann hátt sem ekki má láta viðgangast. Viska kvenna er litin jákvæðum augum þegar

tilgangurinn er í þágu karlhetju eða samfélagsins en meykóngarnir nýta viskuna sér í hag sem líðst ekki því það ógnar feðraveldinu.¹²³

Kenning Clover um eitt kyngervi á miðöldum á Íslandi stangast þar með á við hugmyndaheim *Sigurðar sögu þogla*, þar sem hvort kyn á sitt hlutverk og lítið er alvarlegum augum ef einstaklingurinn stígur út fyrir ramma kyngervis síns. Auðvelt er að koma auga á mismun kynjanna í miðaldatextum, t.d. nöfn, klæðnað og persónufornöfn og svo auðvitað hlutverk og stöðu og þar af leiðandi erfitt að taka því sem staðreynd að aðeins hafi verið eitt kyngervi. Clover gerir sér sjálf grein fyrir því að kynjunum voru falin ólík hlutverk og að ólíkar væntingar voru gerðar til þeirra en er þá hægt að tala um eitt kyngervi? Ef samfélagið lítur kynin ólíkum augum og sníður þeim sinn hvorn stakkinn hlýtur það að jafngilda tveimur ólíkum kyngervum.

Vert er þó að taka fram að í greininni þar sem Clover setur kenningu sína fram vísar hún aðallega í Íslendingasögur. Hefði hún tekið riddarasögur með í umfjöllun sína hefði hún hugsanlega komist að annarri niðurstöðu. Líkt og fram kom í kafla 5.2. urðu miklar breytingar á samfélaginu einmitt um það leyti sem *Sigurðar saga þogla* var rituð og gæti það skýrt ólík viðhorf til kvenna sem búa yfir karllægum eiginleikum í sögum af meykóngum annars vegar og „kvenskörungum“ Íslendingasagna hins vegar.

Mikilvægasti þátturinn í kenningum Clover er þó að mörk kynjanna voru teygjanleg, þ.e. konur gátu gengið inn í hlutverk karls og karlar bjuggu ekki sjálfkrafa yfir karlmennsku og gátu þar af leiðandi fallið niður í félagslega stöðu konunnar. Flokkarnir voru sem sagt óstöðugir en greina má mikinn samhljóm milli þeirrar niðurstöðu Clover og kenningar Butler um kyngervin sem tilbúning. Miðaldamenn virðast þar með hafa gert sér grein fyrir að hin ólíku kyngervi hafi ekki verið náttúruleg eða eðlislæg heldur menningarleg. Í ljósi þess að hugsað var um líkama karla og kvenna sem sama fyrirbærið, ólíkt nútímahugsun þar sem einblínt er á muninn og líkamarnir álitnir andstæður, má ætla að á miðöldum hafi mönnum verið ljósara að kyngervið sé ekki eðlislægt heldur óstöðugt.

Óstöðugleikinn einkennir hvort tveggja persónusköpun Sigurðar og Sementönu en þó á ólíkan hátt. Þroskasaga Sigurðar sýnir hversu miklar væntingar gerðar voru til karlanna og sem drengur virðist Sigurður ekki ætla að standa undir þeim. Á því má sjá að kyngervið, eða karlmennskan, er ekki meðfædd heldur eitthvað

¹²³ Sbr. Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 111

sem þarf að sanna að einstaklingur búi yfir. Í gegnum söguna leggur Sigurður því afar hart að sér og fremur hverja hetjudáðina á fætur annarri til að sýna fram á karlmennsku sína. Hjá Sedentiönu felst óstöðugleikinn hins vegar í því að hún neitar að leika sitt hefðbundna hlutverk og tekur sér þess í stað karllæga stöðu og fer með völd. Áhersla Sedentiönu á að vera kölluð konungur gefur til kynna höfnun hennar á kvenhlutverkinu og ekkert bendir til þess að hún sé verr til þess fallin að fara með stjórn ríkis en karlmaður. Þótt Sedentiana hafni hefðbundnu hlutverki konunnar lætur hún hvergi í ljós óánægju með að vera kvenkyns svo ósamræmi verður milli kynferðis hennar og kyngervis.

Á þessu má sjá að óstöðugleiki kyngervisins er stórt þema í *Sigurðar sögu þøgla* en persónusköpunin varpar ljósi á tvenns konar samfélagslegan kvíða. Kolbíturinn endurspeglar ótta karlmannsins um að standast ekki kröfur kyngervisins og falla í stöðu konunnar. Meykóngurinn er hins vegar ógn við feðraveldið og forréttindastöðu karlmannsins þar sem kona eignar sér hlutverk og völd sem ætluð voru körlum í samfélagi miðalda.

Sedentiana viðheldur völdum sínum og styrkir þau með því að beita biðla sína ofbeldi og niðurlægja þá. Líkt og greint var frá í kafla 5.1. beinist ofbeldið sem Sedentiana beitir að kyngervi og stöðu biðlanna en vald og kyngervi virðist afar tengt. Hún niðurlægir Vilhjálmm og Hálfðán með því að draga úr karlmennsku þeirra og staðsetja þá meðal lægri stétta. Samtímis verður hún karlmannlegri og völdugri og drottnar yfir bræðrunum sem eru kvengerðir og látnir líta út fyrir að vera valdalausir þrælar.

Þegar Sigurður er yfirbugaður af Sedentiönu í sinni fystu för til Treverisborgar verður hann ekki fyrir jafn táknrænu ofbeldi og bræðurnir en upplifir þó mikla skömm eftir á. Hvort tveggja í hans tilfelli og bræðrana má ætla að svívirðingin sé enn meiri þar sem gerandinn er kvenkyns en Clover telur að með því að vera svívirtur af konu lendi karlmaðurinn neðar konunni í samfélagsstöðu. Karlmanninum stendur þar af leiðandi afar mikil ógn af völdugum konum og í *Sigurðar sögu þøgla* er hegðun Sedentiönu, sem ögrar feðraveldinu, ekki liðin.

Í verkinu er þannig skapað samfélag sem ekki getur talist ákjósanlegt feðraveldinu og því er að lokum kollvarpað og „reglu“ komið á. Samkvæmt Sif á það við um meykóngasögur almennt:

Það má því líta á að frásagnarfræðileg uppbygging sagnanna gangi út á að umbylta ákveðinni samfélagsgerð sem talist geti ógn við ríkjandi hugmyndafræði um kynhlutverk og samfélagsstöðu.¹²⁴

Sif túlkar meykóngasögurnar þar af leiðandi sem „ákveðna (hvort heldur meðvitaða eða ómeðvitaða) viðleitni til að staðsetja kyngervi innan samfélags með því að staðsetja það innan frásagnarheimsins.“¹²⁵

Sedentiönu er stillt upp sem andstæðu annarra kvenpersóna sögunnar sem gangast við því hlutverki, sem samfélagið væntir af þeim, að vera auðmjúkar og lúta vilja karlmannna í öllu. Refsing Sedentiönu fyrir að taka sér valdastöðu, og áherslan á hversu mikið hún á það sem yfir hana dynur skilið, inniheldur þar með boðskap til kvenkyns lesenda/áheyrenda. Örlög Sedentiönu skilgreina því hvert hlutverk kvenna var og hvaða væntingar voru gerðar til þeirra.

Refsing Sedentiönu segir mikið um viðhorfið til kynjanna í því samfélagi sem sagan er sprottin úr og þá sérstaklega til kvenna. Kynferðisofbeldið birtir til að mynda viðhorf til kynverundar eða kynhegðunar og er þar margt sameiginlegt með umfjöllun um kynverund á miðöldum í kafla 3.1. Áherslan á nautn Sedentiönu og lostann sem grípur hana, auk þess sem hún verður ófrísk, ýtir til dæmis undir samsekt hennar í eigin nauðgun. Umfjöllunin um kynferðisofbeldið hefur jafnframt létt yfirbragð og allt bendir þetta til þess að samþykkið hafi ekki skipt miklu máli. Afleiðingarnar sem ofbeldið hefur í för með sér endurspeglar einnig hið tvöfalda siðgæði, þar sem Sedentiana upplifir mikla skömm og er kölluð „skækja“ af nauðgaranum sem getur stært sig af verknaðinum. Þá virðist það, að Sedentiana er tekin niður af stalli sínum og staðsett meðal lágstéttarinnar, rétt á meðan kynferðisofbeldinu stendur, endurspeglar þann veruleika að aðalsmenn áttu rétt á að þvinga lág settar konur til samræðis.

Sá skilningur á nauðgun sem Karras lýsir á miðöldum virðist jafnframt eiga við um íslenskt samfélag. Íslensk lög varðandi nauðganir beinast, líkt og þau evrópsku, að eignarspjöllum „eiganda“ konunnar svo konan sjálf er ekki hið eiginlega fórnarlamb heldur aðstandendur hennar. Eftir nauðgun missir konan þar með gildi sitt og áhyggjur Sedentiönu endurspeglar það. Líkamlega ofbeldið og valdbeitingin valda henni ekki hugarangri heldur beinast áhyggjur hennar einungis að samfélagslegum þáttum eins og skömminni sem því fylgir.

¹²⁴ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 412

¹²⁵ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 412

Í *Sigurðar sögu þogla* virðast þær samfélagsbreytingar, sem áttu sér stað um það leyti sem sagan var rituð, skína í gegn. Breytt stjórnarfyriřkomulag varð til þess að dætur urðu mikilvægari feðrum sínum til að mynda pólitísk sambönd og konur urðu þar með skiptimynt karla. Mikilvægt var að þær héldu gildi sínu, og þar með meydómnum, og óskírlífi utan hjónabands, sem ekki hafði þótt tiltökumál, varð að áhyggjuefni. Innprenta þurfti konum að passa upp á heiðurinn og sá boðskapur kemur fram í *Sigurðar sögu þogla*.

Að lokum má nefna að þrátt fyrir að *Sigurðar saga þogla* sendi skýr skilaboð til kvenna um að halda sig innan ramma kyngervis síns, varpar verkið jafnframt ljósi á samfélagslegan kvíða varðandi hlutverk kvenna. Sagan birtir, líkt og aðrar meykóngasögur, heim þar sem sjálfstæð kona hrifsar til sín völd og sýnir þar með að menn sáu fyrir sér þann möguleika að konur gætu verið sjálfstæðar og gegnt sömu stöðum og karlmenn.¹²⁶ Í ljósi þess má ætla að barátta kynjanna hafi verið talin möguleg¹²⁷ og ef til vill hefur það eitthvað með vinsældir *Sigurðar sögu þogla*, og annarra meykóngasagna, að gera.

¹²⁶ Sbr. Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur 2013: 132

¹²⁷ Sbr. Sif Ríkharðsdóttur 2010: 430

Heimildaskrá

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2001. „Inngangur.“ *Úlfhams saga*, bls. xiii–cclxxxi. Ritstj. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2010. „Af betri konum og bóndadætrum: um stéttbundna misnotkun kvenna í fornaldarsögum og öðrum afþreyingarbókmenntum miðalda.“ *Rannsóknir í félagsvísindum XI: félags- og mannvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2010: ritstýrðar greinar*, bls. 1-7. Ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 2007. „Masculinity and Politics in Njáls Saga.“ *Viator* 38 (1): 191–215.
- Ásdís Egilsdóttir. 2005. „Kolbítur verður karlmaður.“ *Miðaldabörn*, bls. 87–100. Ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi H. Tulinius. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Bagerius, Henric. 2009. *Mandom och mödom: Sexualitet, homosocialitet och aristokratisk identitet på det senmedeltida Island*. Götenborgs universitet, Gautaborg.
- Bornholdt, Claudia. 2005. *Engaging Moments: The Origins of Medieval Bridal-Quest Narrative*. Walter de Gruyter, Berlin.
- Brennu-Njáls saga*. 1954. Einar Ól. Sveinsson annaðist útgáfuna. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Butler, Judith. 1990. *Gender Trouble*. Routledge, New York og London.
- Cleasby, Richard, og Gudbrand Vigfusson. 1957. *An Icelandic-English Dictionary*. 2. útgáfa. Oxford University Press, Oxford.
- Clover, Carol J. 1986. „Maiden Warriors and Other Sons.“ *JEGP* 85 (1): 35–49.
- Clover, Carol J. 1993. „Regardless of Sex.“ *Studying Medieval Women: Sex, Gender, Feminism*, bls. 61–85. Ritstj. Nancy F. Partner. The Medieval Academy of America, Cambridge, MA.
- Clunies Ross, Margaret. 1997. „From Iceland to Norway: Essential Rites of Passage for an Early Icelandic Skald.“ *Sagas and the Norwegian experience: 10th International Saga Conference: preprints = Sagaene og Noreg: 10. Internasjonale Sagakonferanse: fortrykk: Trondheim, 3. - 9. august 1997*, bls. 551–560. NTNU, Þrándheimur.
- Driscoll, Matthew James. 1990. „Þögnin mikla: Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum.“ *Skáldskaparmál 1*: 157–168.

- Driscoll, Matthew James. 1992. „Introduction.“ *Sigurðar saga þøgla: Edited from AM 596 4to*, bls. xiii–cxlvi. Ritstj. Matthew James Driscoll. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Finnur Jónsson. 1924. *Den oldnorske og oldislandske Litteraturs Historie III. 2.* útgáfa. G. E. C. Gads forlag, Kaupmannahöfn.
- Guðbjörg Aðalbergsdóttir. 1994. „Nítiða og aðrir meykóngar.“ *Mímir 41*: 49–55.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar Meyjar*. Háskóla útgáfan, Reykjavík.
- Herder, Johann Gottfried. 2002. „On the Change of Taste (1766).“ *Herder: Philosophical Writings*, bls. 247–256. Þýð. og ritstj. Michael N. Forster. Cambridge University Press, Cambridge.
- Hrólfs saga kraka*. 1960. Editiones Arnarnæanæ B1. Desmond Slay annaðist útgáfuna. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Jochens, Jenny. 1996a. „Old Norse Sexuality: Men, Women, and Beasts.“ *Handbook of Medieval Sexuality*, bls. 369–400. Ritstj. Vern L. Bulough og James A. Brundage. Garland Publishing Inc., New York og London.
- Jockens, Jenny. 1996b. *Old Norse Images of Women*. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. 2012. „From Heroic Leged to ‘Medieval Screwball Comedy’?: The Origins, Development and Interpretation of the Maiden-King Narrative.” *The Legendary Sagas: Origins and Development*, bls. 229–249. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson. University of Iceland Press, Reykjavík.
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. 2013. *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*. Palgrave Macmillan, New York.
- Kalinke, Marianne E. 1990. *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*. *Islandica* 46, bls. 66–108. Cornell University Press, Ithaca.
- Kalinke, Marianne E. 2005. „Norse Romance (*Riddarasögur*).“ *Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide*, bls. 316–363. Ritstj. Carol J. Clover og John Lindow. University of Toronto Press, Toronto.
- Karras, Ruth Mazo. 2002. „Sexuality in the Middle Ages.“ *The Medieval World*, bls. 279–293. Ritstj. Peter Linehan og Janet L. Nelson. Routledge, New York og London.
- Laqueur, Thomas. 1990. *Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*. Harvard University Press, Cambridge, MA og London.

- Loth, Agnete. 1963. „Preface.“ *Late Medieval Icelandic Romances 2*, bls. vii-viii. Agnete Loth annaðist útgáfuna. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Paasche, Fredrik. 1924. *Norges og Islands litteratur indtil utgangen av middelalderen*. H. Aschehoug, Kristania.
- Reginsmál*. 1968. *Eddukvæði*, bls. 319–327. Ólafur Briem annaðist útgáfuna. Skálholt, Reykjavík.
- Salisbury, Joyce. 2011. *The Beast Within: Animals in the Middle Ages*. 2. útgáfa. Routledge, New York og London.
- Sif Ríkharðsdóttir. 2010. „Meykóngahefðin í riddarasögum: Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu.“ *Skírnir 184*(haust): 410–433.
- Sigurðar saga þøgla*. 1963. *Late Medieval Icelandic Romances 2*, bls. 92–259. Agnete Loth annaðist útgáfuna. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Sigurður Nordal. 1924. *Samhengið í íslenskum bókmentum*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.
- Sigurður Nordal. 1953. *Litteraturhistorie: Norge og Island*. Sigurður Nordal gaf út. Nordisk kultur 8b. Bonnier, Stokkhólmur.
- Torfi H. Tulinius. 1993. „III Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum.“ *Íslensk bókmenntasaga II*, bls. 165–245. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Wäckelin, Herbert. 2006. „The Silence of Sigurðr þøgli: *Vox Articulata, Vox Humana* and *Vox Animalia* in *Sigurðar saga þøgla*.“ *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature: Sagas and the British Isles: Preprint Papers of the Thirteenth International Saga Conference: Durham and York 6th-12th August, 2006*. 2. bindi, bls. 1005–1014. Ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick. The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University, Durham.
- Þórdís Edda Jóhannesdóttir. 2008. „Menn og málleysingjar: Um dýr, menn og dýrslegt eðli í Sigurðar sögu þøgla.“ Óútgefin B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.